

BJARNHEIÐUR OG BJÖRGVIN
Ævintýraþráin togaði
fjölskylduna til Rómar

• Ferðir • Bílar

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÁRMANN PORVALDSSON
Fór á galadansleik
hjá Elton John

Birtist í glanstímaritinu OK!

FÓLK 30



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júlí 2007 — 200. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Spáði fyrir um Lúkas

Árni Þórarinnsson skrifaði um dularfullt hundshvarf í Tíma nornarinnar fyrir tveimur árum. Sagan minnir um margt á sögu hundsins Lúkasar.

FÓLK 30



Stjarna fellur

Lindsay Lohan var tekin öðru sinni á skömmum tíma undir áhrifum við akstur. Hún hafði auk þess kókaín í fórum sínum.

FÓLK 22



Viðheldur fáfræði kristni?

„Það er dapurlegt að menn sjái sig tilneydda að tala um kristinn almenning sem einhvers konar fáfróða, jarmandi sauði,“ segir Sigurður Pálsson.

Í DAG 16


Valur steinlá í Dalnum

Valsmönnum mistókst að komast á topp Landsbankadeildarinnar í gærkvöldi því liðið steinlá fyrir frábærum Fylkismönnum í Laugardalnum.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



HELDUR BJARTARA VEÐUR

- Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg átt. Skýjað með köflum en hætt við þokusúld með suðaustur- og austurströndinni. Hiti 9-17 stig, svalast á annesjum nyrðra en hlýjast til landsins á Suður- og Vesturlandi.

VEDUR 4

ÞU ER KATT Í HÖLLINI

RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINI

TILBOÐ DAGSINS

Lay Low
Please don't
hate me

KR. 699

Hálf fjárlög greidd í reiðufé

Novator greiðir hluthöfum í Actavis 182 milljarða í dag vegna kaupa á félaginu. Félagið er endurfjármagnað á sama tíma og er heildarumfang viðskiptanna 451 milljarður króna, 90 milljörðum meira en íslensku fjárlögin árið 2006. Kaupin hafa viðtæk áhrif á markaði og talið er líklegt að gengi krónunnar styrkist.

VIÐSKIPTI Novator, eignarhaldsfélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, greiðir í dag út rúmlega 182 milljarða króna til hluthafa í lyfja-fyrirtækinu Actavis. Heildarverðmæti viðskiptanna nemur 451 milljarði króna því auk þess sem félagið er keypt eru allar skuldir þess endurfjármagnaðar á sama tíma. Um er að ræða langstærstu einstöku viðskiptin í íslensku viðskiptasögu. Hluthafar munu fá greitt í reiðufé inn á bankareikninginn sinn.

Ásgeir Friðgeirsson, upplýsinga-fulltrúi Novator, segir að allt sé

gert í senn, félagið keypt og skuldir endurfjármagnaðar. „Heildarverðmæti viðskiptanna sem ganga nú í gegn er því 5,5 milljarðar evra sem alfarið er fjármagnað af Deutsche Bank.“ Ásgeir segir að um sé að ræða stærstu yfirtöku á lyfjafyrirtæki í Evrópu á þessu ári.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir ljóst að viðskiptin séu mikill viðburður í íslensku fjármálalífi, enda sé um áður óþekktar upphæðir að ræða. „Viðskiptin eru líkleg til að hafa áhrif á gjaldeyrismarkaðinn og munu að öðru óbreyttu

styrkja gengi krónunnar. Ég tel líklegt að viðskiptin muni renna stoðum undir verðmyndun á hlutabréfamarkaði almennt, enda leita eigendur eftir álitlegum kosti til að setja fé sitt í vinnu annars staðar.“

Hluthafar í Actavis eru alls 4.336 talsins en tuttugu stærstu hluthafar félagsins áttu fyrir kaupin um 80 prósent hlut í fyrirtækinu. Um tuttugu prósent hlutafjárins sem kemur til útborgunar í dag dreifast á milli fjölda einstaklinga. Ólafur Þór Finsen, sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, segir að 3.350 hluthafar eigi hlutabréf

fyrir fimm milljónir króna og minna. Heildarverðmæti hlutafjár í Actavis er um 300 milljarðar króna.

Sérfræðingar fjármálastofnana sem Fréttablaðið hafði samband við benda á að viðskiptin séu af þeirri stærðargráðu að fyrirfram sé erfitt að meta heildaráhrif þeirra. Heildarverðmæti viðskipta Novator eru um 90 milljörðum hærri en íslensku fjárlögin árið 2006, sem voru um 360 milljarðar.

Heildaraflaverðmæti íslenskra skipa sama ár var 76 milljarðar króna.

- shá



MEÐ EÐLUNNI ÓÞEKKTU Þær Katrín Gylfadóttir, Gunnhildur Böðvarsdóttir hópstjóri, Salvör Káradóttir og Járngerður Kristín Guttormsdóttir voru steinhissa þegar þær dustuðu moldina af eðlunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hópi frá Vinnuskólanum brá heldur betur í brún við vinnu í Bólstaðarhlíð í gær:

Fundu eðlubeinagrind í beðinu

FÓLK „Stelpurnar fóru allar að æpa,“ segir Gunnhildur Böðvarsdóttir, hópstjóri í Vinnuskólanum, sem fann beinagrind af eðlu í beði í Bólstaðarhlíð í hádeginu í gær.

„Ég var að reyta arfa í beðinu og ýtti smá mold frá,“ segir Gunnhildur. „Þá sá ég eitthvað sem ég hélt að væri rotta, svolítið stór rotta. En svo sá ég að það voru gaddar á halanum, þannig að ég sá að þetta gæti ekki verið rotta.“

Gunnhildur stjórna hópi af þrettán til fjórtán ára krökkum sem hafa nýlengi áttunda bekk. Hún segist ekki hafa hugmynd um hvaðan eðlan sé

komin. „Þetta hefur sennilega drepist í vetur, þetta kvikindi,“ segir Guðmundur Einarsson hjá Tilraunastöðinni að Keldum, sem kom og sótti hræið. Hann telur líklegt að eðlan hafi sloppið út og dáið úr kulda, eða einhver hafi grafið hana þarna.

„Þetta fer í brennslu, til að koma í veg fyrir smit,“ segir Guðmundur. Framandi dýr á borð við eðlur, tarantúlur og slöngur finnast nokkrum sinnum á ári, að sögn Guðmundar, en þau þarf að fanga þar sem þau geta borið með sér sjúkdóma, til dæmis salmonellu.

- sgj

Sea Shepherd kemur ekki:

Ragnarök við Ísland afboðuð

NÁTTÚRA Umhverfisverndarsamtökin Sea Shepherd eru hætt við að koma hingað til lands í sumar til að berjast gegn hvalveiðum. Samtökin boðuðu komu sína í maí, og kenndu fyrirhugaðar aðgerðir sínar við Ragnarök.

Paul Watson, forseti samtökanna, sagði í gær að skip þeirra hefðu komið við á Galapagos-eyjum á leið frá Ástralíu til Íslands. Þar hefði verið mikil þörf fyrir skipið enda ráðgert að sökkva miklu magni af járnryki í sæ, sem samtökin berðust nú gegn.

Vegna þessa hefði verið tekin sú ákvörðun að hætta við Íslandsför þetta sumarið. Engar fréttir hefðu borist af veiðum Íslendinga á langreyðum svo þörfin væri meiri á Galapagos. Watson útilokar ekki að skipi Sea Shepherd verði stefnt á Íslandsmið að ári.

- bj



PAUL WATSON

OG OLYMPUS

Frábærar myndavélar sem fara sigurför um heiminn

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

SHIMANO

hjól

Alivio

2876 / 16 01

Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

SPURNING DAGSINS



Örn, dó á upptökutækinu?

„Já, en það er risið upp á ný.“

Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirku, hljóðritar líkræður sínar og predikanir. Upptökutæki hans varð nýlega batterislaust í miðri jarðarför í Fossvoginum.

Jónas Jónsson
búnaðarmála-
stjóri látinn

Jónas Jónsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóri, lést í Reykjavík í gær.

Jónas fæddist á Ystafelli í Köldukinn 1930.

Hann lauk stúdentsprófi frá Mennta-skólanum á Akureyri 1952, búfræðinámi frá Hólum 1953 og meistaranámi frá landbúnaðarháskólanum að Ási í Noregi 1957.

Jónas sinnti ýmsum störfum innan landbúnaðarins til ársins 1980 þegar hann varð búnaðarmálastjóri. Gegndi hann því embætti til 1995.

Jónas lætur eftir sig Sigurveigu Erlingsdóttur frá Ásbyrgi og fjögur uppkomin börn.



Breytingar á eldsneytisverði:
Bensín og olía
lækka í verði

NEYTENDAMÁL Olíufélögin hafa öll lækkað verð á bensíni og dísilolíu. Lækkunin í gær var á bilinu þrjár til fjórar krónur á flestum stöðvum.

Hjá stóru félögunum þremur kostaði bensínið oftast um 122,3 krónur lítrinn. Á sjálfsafgreiðslu-stöðvunum kostaði lítrinn oftast um 120,7 krónur.

Samkvæmt lauslegri könnun var ódýrasta bensínið á höfuðborgarsvæðinu án vildarafslátta hjá Atlantisólíu í Skeifunni. Þar kostaði lítrinn 116,4 krónur án afsláttar.

- aví

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER XE

Nýskr. 12.05 - Beinskiptur - Ekinn 11 þús. km.



Verð
3.690.000

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

25. júlí 2007 MIÐVIKUDAGUR

Liðsmenn samtakanna Saving Iceland mótmæltu við Straumsvík í gær:

Prettán mótmælendur handteknir



UMHVERFISMÁL Prettán mótmælendur á vegum samtakanna Saving Iceland voru handteknir við mótmælaaðgerðir í Straumsvík í gær. Mótmælendur hlekkjuðu sig við hlið og stöðvuðu þannig umferð um vinnusvæði álversins. Talsmaður samtakanna segir að mótmælin hafi farið friðsamlega fram.

„Við áttum nú ekki von á að vera látin í friði svo það kom ekki á óvart að lögreglan skyldi mæta. Það er yfirleitt þannig að landslög eru látin gilda fremur en siðferðismatið,“ segir Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson, talsmaður Saving Iceland.

Mótmælendurnir voru um tuttugu talsins. Þeir sem hlekkjuðu sig við hlið voru handteknir sem og nokkrir sem fóru inn á vinnusvæði og gerðu sig líklega til að klifra upp í krana. Ekki kom til óláta þegar lögregla kom á staðinn og Snorri segir að mótmælendurnir hafi tekið handtögunni með stóískri ró.

Með mótmælunum vildu samtökin mótmæla fyrirhuguðu álveri á Keilisnesi eða í Þorlákshöfn og vekja athygli á aðild Landsvirkjunar að álveri Río Tinto í Suður-Afríku sem keyrt er áfram með kolum og kjarnorku.

- þo

LÖGREGLA STÖÐVAR MÓTMÆLI Mótmælendur hlekkjuðu sig við hlið inn á athafnasvæði álversins og þurfti að saga hliðið til að losa fólkið og flytja það á brott.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Telja að göng til Eyja
kosti 50-80 milljarða

Tæknilega er mögulegt að leggja göng til Vestmannaeyja. Álitamál er hvort réttlæt看legt sé að gera göng á svo jarðfræðilega virku svæði. Engin rök, bara getgátur segir þingmaður. Óraunhæfur kostur segir formaður samgöngunefndar.



ÁRNI JOHNSEN



ELLÍÐI VIGNISSON



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

SAMGÖNGUR Kostnaður við göng til Vestmannaeyja gæti verið á bilinu 50 til 80 milljarðar króna. Gangagerðin er tæknilega möguleg en álitamál hvort réttlæt看legt geti verið að grafa og reka svo löng jarðgöng djúpt undir sjó á svo jarðfræðilega virku svæði.

Þetta er niðurstaða Verkfræðisstofu Sigurðar Thoroddsen, sem mat kostnað við gerð jarðganga milli lands og Eyja fyrir Vegagerðina. Verkfræðistofan vann meðal annars úr niðurstöðum ýmissa skýrslna og gagna sem unnin hafi verið á liðnum árum, bæði fyrir samgönguyfirvöld og Ægisdyr, félag áhugafólks um veggtingu milli lands og Eyja, að því er fram kemur í tilkynningu frá samgönguráðuneytinu.

„Það eru engin rök fyrir þessu, þetta eru bara getgátur,“ segir Árni Johnsen alþingismaður. Hann segir mikilvægt að ljúka rannsóknnum á svæðinu til þess að eyða óvissu. Hann gagnrýnir að í skýrslunni sé það sagt álitamál að réttlæt看legt sé að gera göngin, það sé órókstudd fullyrðing sem sé dæmalaust innlegg í umræðuna.

„Tölurnar eru hærri en það sem við vonuðumst til að sjá,“ segir Ellíði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjarbæjar. Hann segir að fara verði vandlega yfir þessa skýrslu með það í huga að bæta samgöngur milli lands og Eyja eins og hægt sé.

„Þessar niðurstöður koma ekki á óvart, þetta er það sem heilbrigð skynsemi hefur sagt fólki í gegnum tíðina, að jarðgöng til Eyja séu

Tölurnar eru hærri en það sem við vonuðumst til að sjá.

ELLÍÐI VIGNISSON
BÆJARSTJÓRI VESTMANNAEYJABÆJAR

Óraunhæfur kostur,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar Alþingis.

Í fréttatilkynningu ráðuneytisins kemur fram að verkfræðistofan hafi miðað við átján kílómetra göng. Sé miðað við að þau verði steypufóðruð fyrstu þrjá kílómetrana frá Vestmannaeyjum sé áætlaður kostnaður um 52 milljarðar króna. Verði þau steypufóðruð alla leið nái kostnaðurinn líklega um 80 milljörðum króna.

Skýrsluhöfundar segja um þriðjung kostnaðarins til kominn vegna óvissu; kostnaðar við hönnun og eftirlit, kostnað verkkaupa af vöxtum á byggingartíma og fleira. Verði ákveðið að vinna áfram að málinu yrðu næstu skref ítarlegri jarðfræðilegar og jarðtæknilegar rannsóknir til að draga úr óvissu við verkið. Slíkar rannsóknir gætu kostað 115-275 milljónir króna.

Kristján L. Möller samgönguráðherra vildi ekki tjá sig um málið í gær þar sem skýrslan hefur ekki verið kynnt í ríkisstjórn, að sögn Róberts Marshall, aðstoðarmanns ráðherra. Skýrslan verður kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudag og gerð opinber eftir það.

brjann@frettabladid.is



VADID Í VATNINU Börnin léku sér á bilastæði sem var á bólakafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóðin í Englandi:
Margir enn án
drykkjarvatns

LONDON, AP Svo virðist sem verstu flóðin í Englandi séu í rénun, en þó eru meira en 350 þúsund íbúar á flóðasvæðunum enn án drykkjarvatns.

Þjörgunarfólk vann hörðum höndum í gær við að dæla vatninu af stórum svæðum sem enn voru á kafi. Íbúar reyndu sömuleiðis að bjarga því sem bjargað varð, hlóðu til að mynda sandpokum fyrir dyr til að halda vatninu úti.

Flóðin síðustu daga eru þau verstu í Bretlandi síðan árið 1947. Rigningarsumarið í ár er gjörólíkt sumrinu í fyrra, sem var eitt hið heitasta og þurrasta í sögu Bretlands.

- gb

LÖGREGLUFRETTIR

Sex fíkniefnamál á sólarhring

Sex fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á rúmum sólarhring í gær. Höfð voru afskipti af fimm karlmönnum í fimm aðskildum tilvikum. Að auki voru fimm ungmenni á aldrinum 15-18 ára handtekin vegna fíkniefnamisferlis.

Múlavirkjun ekki í samræmi við skipulag sem gert var vegna virkjunarinnar:

Stíflan ógnar lífríki á svæðinu

UMHVERFISMÁL Múlavirkjun á Snæfellsnesi er ekki í samræmi við deiliskipulag sem gert var vegna virkjunarinnar. Straumönd og hrygningarstöðvum urriðans er nú ógnað. Samfellt uppistöðulón er frá stíflu Múlavirkjunar í Straumfjarðará og upp í Baulárvallavatn. Því er ekkert rennsli úr Baulárvallavatni sem er nauðsynlegt fyrir urriðann. Landvernd hefur sent Eyja- og Miklaholtshreppi bréf um að virkjunin verði lagfærð.

Í lýsingu á framkvæmdinni kom fram að lónið myndi ekki ná að Baulárvallavatni. Þess vegna taldi Skipulagsstofnun að framkvæmdirnar þyrftu ekki að fara í umhverfismat. Á deiliskipulagsupprætti samþykktum af hreppsnefnd árið 2003 er inntakslón Múlavirkjunar einnig afmarkað og er gert ráð fyrir nokkrum kafla þar sem Straumfjarðará rennur úr Baulárvallavatni og í lónið.

Eggert Kjartansson, forsvarsmáður Múlavirkjunar og oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, segir málið byggt á misskilningi. Hann geti ekki tjáð sig um málið að sinni. Bjarni Einarsson, einn af eigendum Múlavirkjunar, segir að virkjunin sé samkvæmt öllum reglugerðum. „Svona mál koma alltaf upp



MÚLAVIRKJUN GANGSETT F.v.: Bjarni Einarsson, Eggert Kjartansson, Ástþór Jóhannsson ásamt Ellert Eiríkssyni, stjórnarformanni Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveita Suðurnesja kaupir alla orku af Múlavirkjun.

þegar einhvern vantar athygli. Núna vantar Landvernd athygli,“ sagði Bjarni.

- pal

ÁVÖXTUN SJÓÐA 2007

Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir Kaupþing þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

SKULDABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Peningamarkaðssjóður ³	13,9%
Kaupthing Liquidity Fund EUR ^{1,3}	4,8%
Kaupthing Liquidity Fund USD ^{1,3}	6,2%
Kaupthing Liquidity Fund GBP ^{1,3}	5,7%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA

Skammtímasjóður ³	5,8%
Hávaxtasjóður ³	3,0%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG

Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	5,4%
------------------------------------	------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG

Ríkisverðbréfasjóður - langur	3,4%
-------------------------------	------

HLUTABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

ÍSLENSK HLUTABRÉF

ÍS-15 ³	57,4%
Heildarvísitölusjóður ²	56,1%
Icelandic Equity	55,0%
ICEQ	54,5%
Úrvals vísitölusjóður	54,3%

BLÖNDUÐ VERÐBRÉF

Kaupþing Samval ³	23,9%
Eignastýringarsjóður ³	21,2%

ALPJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

Kaupthing Fund - Global Value	6,6%
KMS Global Equity	1,5%
Kaupþing Erlend hlutabréf	0,6%

ALPJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

KMS BRIC	24,5%
Kaupthing Fund - Nordic Growth	13,0%
KMS Emerging Market	12,9%
KMS Europe	9,5%
KMS N-America	-2,7%
KMS Asia Pacific	-8,3%

LÍFEYRISSPARNADUR

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi 1	8,4%
Frjálsi 2	7,4%
Frjálsi 3	8,2%

VISTA

Vista 1	12,1%
Vista 2	12,3%
Vista 3	8,4%
Vista 4	5,3%
Vista 5*	10,4%
Vista, erlend hlutabréf	1,4%
Vista, innlend hlutabréf	55,5%
Vista, innlend skuldabréf	3,7%

LÍFEYRISAUKI

Lífeyrisauki 1	11,4%
Lífeyrisauki 2	11,9%
Lífeyrisauki 3	8,1%
Lífeyrisauki 4	4,7%
Lífeyrisauki 5*	10,2%
Lífeyrisauki, erlend hlutabréf	1,5%
Lífeyrisauki, innlend hlutabréf	57,2%
Lífeyrisauki, innlend skuldabréf	3,3%

* Verðtryggðir innlánsreikningar

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita lífeyris- og verðbréfaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á radgjof@kaupthing.is.

¹ Tímabilið 31. des. 2006 - 30. jún. 2007 á ársgrundvelli.
² Áður Einingabréf 9.
³ Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

Allar ávöxtunartölur eru í ISK fyrir utan Liquidity sjóði

GENGIÐ 24.07.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	59,02	59,30
	Sterlingspund	121,66	122,26
	Evra	81,49	81,95
	Dönsk króna	10,950	11,014
	Norsk króna	10,294	10,354
	Sænsk króna	8,888	8,940
	Japanskt jen	0,4882	0,4910
SDR		90,65	91,19
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		110,4218	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



MIKLAR SKEMMDIR Beita þurfti klippum til að ná einu ungmennanna úr bílnum.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Bílvelta á Reykjanesbraut:

Fernt flutt á slysadeild

SLYS Fjögur ungmenni voru flutt á slysadeild eftir bílveltu við Kúagerði á Reykjanesbraut á mánudagskvöld. Meiðsli þeirra reyndust ekki alvarleg.

Ökumaður bílsins, sem er 17 ára, missti stjórn á honum með þeim afleiðingum að hann hafnaði á hvolfi úti í kanti á milli akgreina. Í fyrstu var talið að fólkið væri mikið slasað og var mikill liðsafli lögreglumanna kallaður til. Beita þurfti klippum til þess að ná einu ungmennanna úr flakinu.

Bífreiðin er talin ónýt en tildrög slyssins eru ókunn.

- þó

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lak inn í hús vegna úrkomu

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu sinnti fjórum útköllum vegna vatnsleka þegar úrhellisrigningu gerði á mánudagskvöld. Niðurföll stífluðust svo regnvatn rann inn í húsi. Ekki varð mikið tjón vegna lekans.

ÁRÉTTING

Vegna fréttar um lag hljómsveitarinnar Sigur Rósar í kynningarbút fyrir kvikmyndina The Invasion í Fréttablaðinu í gær vilja meðlimir sveitarinnar koma því á framfæri að upphæðin sem nefnd var í fréttinni um greiðslu til hljómsveitarinnar var ekki frá þeim komin.

Gamalt íbúðarhúsnæði bandaríska hersins er hreinna en búist var við:

Engir kakkalakkar á svæðinu

DÝR „Ég hef bara ekki séð eitt einasta kvikindi,“ segir Einar Júlíusson, byggingarfulltrúi Reykjanesbæjar. Bandaríkjamenn hafi ekki skilið eftir nein meindýr, líkt og óttast var.

Á síðasta ári greindi þáverandi framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar frá því að þar væri mikil hætta á kakkalakkafaraldri. Hann hafði áhyggjur af því að óværan kynni að breiðast út til Reykjanesbæjar.

Einar segir að hvorki þau hjá bænum né rafvirkjarnir sem hafa starfað á svæðinu hafi orðið varir við kakkalakka.

„Það var orðin svo mikil stjórn á



BROTTFÖR BANDARÍKJAMANNA Þegar bandaríski herinn hvarf á brott, láðist að ræða skordýravarnir. Þær reyndust þó til fyrirmyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þessu hjá Kananum. Þegar þeir komu með búslóðir voru gámarnir

úðaðir áður en farið var að hreyfa við þeim,“ segir hann.

Áður fyrr hafi það hins vegar verið öðruvísi „Ég var að vinna þarna sem ungur maður og þá var allt morandi í kakkalökkum en það er ekkert þarna lengur.“

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Meindýraeyðingar Suðurnesja, hefur heldur ekki orðið var við kakkalakka. Hann telur ástæðuna fyrir því að menn óttuðust að skordýrin fylgdu varnarsvæðinu hafa verið samskipta-örðugleikar við Bandaríkjamenn sem „bara fóru“. Því hafi verið reiknað með því að enn væri slæmt ástand á vellinum.

- kóp

Fá ekki aðstoð fyrr en í óefni er komið

Foreldrar langveikrar stúlku fá ekki fjárhagsaðstoð og segjast hvergi passa inn í kerfið. Segja rétt að greiða foreldrum laun fyrir að vera heima hjá börnunum eins og gert sé á Norðurlöndunum. Atvinnurekandi og stéttarfélag hafa reynst betur.

FÉLAGSMÁL „Lífið snýst bara um þetta,“ segir Jón Eypór Helgason, faðir átta ára langveikrar stúlku. Fjölskyldan er ósátt við að eiga ekki möguleika á fjárhagsaðstoð fyrr en í óefni er komið.

Svanfríður Briana Romant Jónsdóttir er átta ára, en hún var á öðru ári þegar hún greindist með sjúkdóminn neurofibromatosis, týpu 1. Sjúkdómurinn lýsir sér þannig að æxli myndast í taugaslíðrum, og er Svanfríður meðal annars með æxli frá nefkoki niður að barkaloku, og þarf því að anda í gegnum barkatúpu.

„Heilsa hennar er alltaf að versna,“ segir Hanna Sigurðardóttir, móðir Svanfríðar. Hanna hefur ekki getað unnið síðan dóttir hennar veiktist.

Jón segir að sú aðstoð sem fjölskyldan hafi fengið frá hinu opinbera hafi verið afar takmörkuð, margfalt verðmætara hafi verið að vinnuveitandi hans og verkafélagsfélag hafi staðið þétt við bak þeirra. Þau fái umönnunarbætur og stuðningsfjölskyldu eina helgi í mánuði. Auk þess fái dóttir þeirra hvíldarinnlögn í Rjóðrinu einu sinni í mánuði.

Nýverið óskaði fjölskyldan eftir fjárhagsaðstoð frá félagsmálaraðuneytinu eftir að ljóst var að Svanfríður fengi rafmagnshjólástól. Fjölskyldan þarf bíl með lyftu fyrir nýja hjólastólinn, auk þess sem hún þarf að flytja úr húsnæði á þremur hæðum. Von er á svari frá ráðuneytinu innan skamms.

„Við pössum í raun hvergi inn, og eigum hvergi rétt á aðstoð,“ segir Hanna. Tekjur Jóns eru of



BREYTT LÍF Líf þeirra Jóns Eypórs Helgasonar og Hönnu Sigurðardóttur gerbreyttist þegar Svanfríður dóttir þeirra greindist með langvinnan sjúkdóm. Með á myndinni er yngri systir hennar, Álfrún Embla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

háar til að þau eigi rétt á greiðslum, og gagnrýnir Hanna að fjölskyldan geti ekki fengið fjárhagsaðstoð fyrr en eftir að í óefni sé komið. Það valdi mikilli streitu að hafa áhyggjur af því hvernig eigi að koma mat á borðið og þaki yfir höfuðið þegar athyglin ætti að vera á veikindum Svanfríðar.

„Draumastaðan væri sú að konan mín fengi hálfgerð laun frá ríkinu fyrir að sjá um dóttur okkar,“ segir Jón. Hanna tekur undir þetta, og bendir á að á Norðurlöndunum fái fólk í þessari stöðu greidd laun fyrir að annast börn sín. Hún bendir á að þau hafi dóttur sína heima þrátt fyrir að hún gæti verið á spítala, og sinni sjálf ýmsum verkum sem hjúkr-

unarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk myndi ella sinna. Þar spari ríkið peninga, en þess njóti foreldrarnir ekki.

Fjölskyldan hefur ekki notið góðs af nýlegum lögum um aðstoð við foreldra langveikra barna þar sem sjúkdómurinn greindist fyrir 1. janúar 2006. Aðeins foreldrar barna sem greind voru eftir þann tíma eiga rétt á aðstoð.

Jafnvel þó þau hefðu átt rétt á aðstoðinni segir Jón að þær greiðslur hefðu bara orðið dropi í hafið. Reiknað sé með að foreldrar fái styrk í þrjá mánuði, en það sjái allir sem vilji að langveik börn séu jafnvel veik til frambúðar og því hrökkvi styrkir í þrjá mánuði skammt.

brjann@frettabladid.is

Mælingu á sandsílastofni lokið:

Ástandið virðist verst við Eyjar

NÁTTÚRA Tvo árganga vantar svo til alveg í sandsílastofninn, samkvæmt niðurstöðum árlegrar rannsóknar Hafrannsóknastofnunarinnar á sandsíli, sem lauk síðastliðinn laugardag.

Samkvæmt mælingum Hafró er ástand stofnsins lakast við Vestmannaeyjar og greinilegt að hann er í mikilli lægð um þessar mundir. Þó fannst talsvert meira af seiðum en í fyrra, og voru þau stærri og farin að taka botn í meira mæli.

Ýmsar fuglategundir byggja afkomu sína að verulegu leyti á sandsílum, og hefur slæmt ástand stofnsins því mikil áhrif.

- bj

Í mál við Kúbuforseta:

Vill bætur fyrir látinn föður

BANDARÍKIN, AP Bandarísk kona, Sherry Sullivan, hefur farið í mál við Fídel Kastró, forseta Kúbu. Sullivan telur að Kastró hafi valdið dauða föður hennar.

Faðir hennar, Geoffrey Sullivan, var flugmaður í bandaríska flughernum og var skotin niður yfir Kúbu árið 1963. Hann lést síðar í fangelsi á eyjunni og telur Sherry að hann hafi verið myrtur.

Á síðustu árum hafa margir bandarískir borgarar farið í mál við Kastró á svipuðum forsendum. Bæturnar til þeirra eru yfirleitt greiddar af eignum kúbersku ríkisstjórnarinnar sem Kennedy-stjórnin frysti á sínum tíma.

- ifv



MOHAMMAD ZAHIR SHAH Síðasti konungur Afganistans var borinn til grafar í Kabúl í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðasti konungur Afganistans:

Var jarðaður í Kabúl í gær

AFGANISTAN, AP Síðasti konungur Afganistans, Mohammad Zahir Shah, var jarðaður í Kabúl í Afganistan í gær. Shah lést á mánudaginn, 92 ára að aldri.

Shah var konungur í landinu á árunum 1933 til 1973 þegar honum var steyp af stóli og hann neyddist til að fara í útlegð á Ítalíu. Hann sneri aftur til landsins þrjátíu árum síðar. Þó að Shah hafi oft ekki verið mjög árangursríkur stjórnandi minnst samlandar hans þess að stöðugleiki ríkti í landinu þegar hann var við völd.

- ifv

MS drykkjaryörur í útileguna

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ALMENNT RÓLEGT

Í dag gæti orðið prýðilegasta veður viðast hvar. Eru horfur á að heldur verði léttara yfir landinu hvað skýin varðar en verið hefur, sist þó reyndar austan til á landinu. Þessir myndarlegu skúra-klakkar sem verið hafa yfir borginni og raunar víða um land eru í rénun og á ég ekki von á jafn miklum dembum í dag og verið hefur þó ekki sé ólíklegt að stöku síðdegisskúrir falli til landsins syðra.

REYKJAVÍK Í DAG


Hæg breytileg átt og skýjað með köflum. Hiti 11-15 stíg.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C rigning	London	20°C rigning	Friedrichshafen	24°C léttskýjað
Billund	19°C rigning	Paris	24°C hálfskýjað	Basel	25°C hálfskýjað
Osló	21°C skúrir	Eindhoven	21°C skúrir	Alicante	28°C heiðskírt
Stokkhólmur	21°C skúrir	Frankfurt	24°C hálfskýjað	Algarve	28°C heiðskírt
Gautaborg	20°C skúrir	Berlín	22°C rigning	Las Palmas	26°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Íslandslögin



KR. 1.799

Íslandslög 7

1. Barn • 2. Ennþá man ég hvar • 3. Fylgd • 4. Blærinn í laufi
5. Heima • 6. Leyndarmál • 7. Klingklang • 8. Fögnuður • 9. Fyrir þig
10. Skjöld • 11. Ég vildi að ég væri • 12. Kveðja • 13. Vöggulag



KR. 2.499

Íslandslög 1-6
í einum kassa, 77 lög



Allar helstu söngperlurnar
úr hinum íslenska söngvabrunni
í flutningi ástælustu
listamanna
þjóðarinnar.

Framleiðandi: Björgvin Kuldússon



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Ert þú fylgjandi virkjunar-framkvæmdum í Þjórsá?

Já	33%
Nei	67%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ætlar þú að sjá nýju Simpson-kvikmyndina?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir



TONY BLAIR OG MAHMOUD ABBAS
Fyrirverandi forsætisráðherra Englands á að vinna að því að skapað verði palestínsktt ríki í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐID/AP

Ísrael og Palestína: Blair telur lausn vera mögulega

JERÚSALEM, AP Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Englands, hvatti leiðtoga Ísraels- og Palestínumanna í gær til að notfæra sér að nú virðist vera mögulegt að nálgast lausn á deilu þeirra. Blair segir að hann finni fyrir því að nýir möguleikar hafi skapast til að koma á sáttum fyrir botni Miðjarðarhafs og að ráðamenn Ísraels- og Palestínumannanna vilji reyna að að komast að samkomulagi til að binda endi á áralangan ófrið.

Blair er í jómfurðarferð sinni í Ísrael sem sáttasemjari í deilunni. Hann fundaði með Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í gær og síðar með forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert.

- ifv

Útleiga á varnarsvæðinu: Bæta fimmtíu íbúðum við

KEFLAVÍK Væntanlegir íbúar á varnarsvæðinu gamla skrifuðu undir leigusamninga sína í gær. Áætlað er að um sjö hundruð manns búi, nemi og starfi þar, frá og með lokum ágústmánaðar. Flestir þeirra sækja háskóla í höfuðborginni, en um eitt hundrað verða við nýja frumgreinadeild, sem Keilir, félag um uppbyggingu háskólasamfélags á varnarsvæðinu, stendur fyrir.

Sótt var um allar íbúðir sem í boði voru, en þær voru um þrjú hundruð talsins.

Allt að fimmtíu íbúðir til viðbótar verða að öllum líkindum auglýstar til útleigu þegar fram líða stundir.

- kóp

Senda kafbát undir Norðurpól: Rússar vilja hluta pólsins

RÚSSLAND Rússnesk stjórnvöld ætla að senda lítinn kafbát í rannsóknarleióangur undir ísinn við Norðurpólinn um næstu helgi.

Tilgangur fararinnar er að rannsaka botninn undir ísnum til að undirbyggja tilkall Rússlands til stórs svæðis sem ekkert ríki hefur gert tilkall til, segir á fréttavef BBC. Til þess þarf botninn að vera náttúrulegt framhald af landgrunninu innan tvö hundruð sjómílna efna-hagslögsögu Rússlands.

- bj

Skatttekjur af ÁTVR eru tífaldar þær sem fást úr Framkvæmdasjóði aldraðra:

Tíu milljarðar í skatt í fyrra

FJÁRMÁL Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skilaði 10,4 milljörðum króna í skatttekjum í ríkiskassann í fyrra. Er þá hagnaður verslunarinnar undanskilinn, en hann nam um 602 milljónum.

Áætlað áfengisgjald fyrirtækisins var 6,05 milljarðar og virðisaukaskattur um 4,35 milljarðar. Þennan kostnað áætla forsvarsmenn ÁTVR út frá innkaupaverði verslunarinnar.

Til samanburðar má nefna að tekjustofnar eins og greiðslur launþega í Framkvæmdasjóð aldraðra nema 1,04 milljörðum, eða tæpum tíunda hluta skattbyrði Áfengisverslunarinnar.




VODKI Af andvirði hverrar vodkaflösku fara um 82,1 prósent til ríkissjóðs.

Fjármagnstekjuskattur, 12,3 milljarðar, er nokkuð drýgri tekjulind en áfengisskattarnir. Tekjur ríkisins af stimpilgjaldi eru hins vegar sex milljarðar króna. Framámenn flestra stjórnmála-

flokka hafa nýverið lýst yfir vilja sínum til að lækka áfengisgjaldið, en hvorki forsætis- né fjármála-ráðherra hafa þekkt það um viðtal við Fréttablaðið um þetta.

- kóp



Sjötíu verða kærðir í Lúkasarmálinu

Sjötíu manns verða kærðir fyrir meiðyrði eða hótanir í garð Helga Rafns Brynjarssonar, sem áður var úthrópaður hundaníðingur. Lögmaður man ekki til þess að svo margir hafi verið kærðir í einu. Nokkrir hafa beðið Helga afsökunar.

LÖGREGLUMÁL „Það þarf að leggja fram kæru á um sjötíu manns, eftir að farið hefur verið yfir öll gögn málsins. En sú tala gæti hækkað eftir að lögreglan lýkur rannsókn sinni,“ segir Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga Rafns Brynjarssonar, sem að ósekju var sakaður um hundsdráp á netinu.

Erlendur þekkir ekki til þess að svo margir hafi verið kærðir í einu áður. Málið sé enn fremur sérstakt að því leytinu til að nánast allur ferill þess fari fram á netinu. Hann leggur kæruna inn til ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar í dag.

Nokkrir netverjar hafa nú þegar haft samband við Helga til að biðjast afsökunar. Helgi segir þá meðal annars hafa borið fyrir sig mógsefjun.

Lögmaður hans kveður mógsefjun nýstárlega vörn að sjá. „Það væri þá í fyrsta skipti, held ég, sem það er reynt.“

Nokkrir lykilmenn sýslumannsembættisins á Akureyri eru í sumarfrí. Því fást ekki upplýsingar um hvort þeir sem báru ljúgvitni til lögreglunnar þar verði ákærðir.

Helgi segir þróun málsins ótrúlega í alla staði. Hann viðurkennir að hafa fundið til reiði þegar hundurinn Lúkas fannst loks og í ljós kom að sagan hafði verið uppspuni frá rótum, en ekki missskilningur. Sú tilfinning hafi þó fljótlega vikið fyrir létti.

„Nú er ég bara feginn. Ég hef aldrei séð þennan hund og ekki hugmynd um hvernig þetta fór af stað. En það kemur allt í ljós bráðlega,“ segir hann.

„Skjólstæðingur minn hefur engan áhuga á því að velta sér upp úr þessu máli,“ segir Erlendur. „Hann hefur fyrst og fremst í huga að hreinsa mannorð sitt



ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON



HUNDURINN LÚKAS



HELGI RAFN BRYNJARSSON

UMMÆLI NETVERJA:

„Hann heitir Helgi Rafn [...] ÉG MÆLI MEÐ AÐ MYRÐA MANNINN. [...] Svona menn EIGA EKKI SKILIÐ AÐ VERA TIL.“

„Ég geng með hníf í vasanum hér eftir, og ég VEIT hvernig þú litur út [...] og ég hika ekki við að myrða þig! Ég VEIT hvar þú átt heima!“

„Í þínum sporum skaltu kála þér sjálfur hið snarasta! Betra að þú gerir það áður en við komumst í þig!!!“

„Ég hef ákveðið þar sem þú ert viðbjóðslegur aumingi að láta doberman sem ég á éta á þér kynfærin, ég næ þér helvítis auminginn þinn.“

EITT „VITNIÐ“:

Af vefnum live2cruise.com 27. júní:

Aaron-TRD (sommiverson@hotmail.com) skrifar:

16.40: „Þessi hundur finnst ekki því miður getið hætt að leita“

18.14: „ég nenni ekki að senda endalaust af pm [einkaskilaboðum] kemur engum þetta við“

18.30: „bara koma því á hreint að ég gerði EKKERT við þennan hund, kom ekki nálægt þessu á neinn hátt nema ég var vitni!!“

Upp úr þessu birtast beiðnir á spjallinu um að einhver staðfesti að Helgi Rafn hafi komið að málum og stuttu síðar kröfur um að Helga verði refsað.

endanlega með aðstoð lögreglunnar.“

Spurður segist Helgi hafa íhugað að fara norður og berja augum hundinn sem allt snérist um. Hins

vegari hafi Kristjana Svansdóttir, eigandi hundsins, ekki enn hringt í hann, eftir að Lúkas sást á lífi. „Ég ætla nú bara að biða eftir að þau hafi samband.“

klemens@frettabladid.is

Mærudagar og Sænskir dagar sameinaðir í Húsavíkurhátíð sem nú stendur yfir:

Loftbelgsflug í Skjálfandaflóa

FÓLK „Það fer alfarið eftir veðri hversu mörg flug verða farin,“ segir Guðbergur Rafn Ægisson ævintýramaður. Loftbelgsflug um Skjálfandaflóa og svæðið í kringum Húsavík er meðal þess sem í boði er á Húsavíkurhátíð sem stendur yfir í þessari viku í Norðurþingi.

Hátíðin samanstendur af Mærudögum sem hafa verið haldnir um árabil og Sænskum dögum sem nú eru haldnir í þriðja sinn. Fjöldi námskeiða og atburða fyrir alla aldurs hópa er í boði á meðan á hátíðinni stendur. Meðal annars er hægt að læra afrískan trommuslátt, sjónhútagerð og siglingar.

Hátíðin var sett á mánudaginn og lýkur henni síðdegis á sunnudag með fótboltamótinu Sparkað gegn vímu.

- aví

LOFTBELGUR Einungis er hægt að stjórna hæð loftbelgsins. Vindátt ræður því hvaðan verður farið og hvert.

MYND/GUÐBERGUR R. ÆGISSON



Ungir þjófar á Akureyri: Viðurkenndi fjölda innbrota

LÖGREGLUMÁL Piltur á átjándra ári hefur viðurkennt að hafa brotist inn eða reynt innbrot á sjö stöðum á Akureyri undanfarna daga. Tvö önnur ungmenni voru í slaggtogi við piltinn í eitt skiptið, þegar brotist var inn í húsnæði skógræktarinnar í Kjarnaskógi.

Pilturinn viðurkenndi að hafa brotist inn í verslanir Litalands og Radionaustar og reynt innbrot í þrjú önnur fyrirtæki. Þá viðurkenndi hann innbrot í einbýlishús í Glerárhverfi sem lögreglu var ekki enn kunnugt um þar sem húsráðendur voru að heiman.

Gunnar Jóhannsson, varðstjóri lögreglunnar á Akureyri, segir að ungmennin hafi stolið ýmsum verðmætum en megnið af þýfinu sé nú komið í réttar hendur. Málið telst upplýst.

- þo



GUÐMUNDUR ARASON Segir gott hvað borgaryfirvöld voru fljót að hylja slysagildruna því þá lendi ekki fleiri í skakkaföllum eins og hann.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Slysagildra í Skólastræti: Reif dekkið á bílnum sínum

FÓLK Guðmundur Arason eyðilagði afturdekkið á jeppanum sínum á miðvikudaginn í síðustu viku þegar hann keyrði yfir beitt stálrör „sem stóð eins og hnífur upp úr malbikinu“ í Skólastræti. Guðmundur segir að stálrörið hafi verið mikil slysagildra en sem betur fer hafi enginn slasað sig á því svo hann viti til.

Eftir að hafa keyrt yfir stálrörið hringdi Guðmundur á lögregluna sem kom á staðinn, tók skýrslu af honum og tók mynd af slysagildirunni.


Þegar blaðamaður mælti sér mót við Guðmund í Skólastræti í gær var búið að hylja stálrörið með hálfm metra háum hólki. „Lögreglan hefur sennilega hringt í borgaryfirvöld og þau hafa hulið rörið,“ segir Guðmundur.

- ifv

LÖGREGLUFRETTIR

Mannlaus bíll rann á hús

Engan sakaði þegar mannlaus bifreið sem lagt hafði verið í bílastæði á Akranesi rann 150 metra leið og hafnaði á íbúðarhúsi. Ökumaður hafði skroppið út úr bílnum en gleymt að taka hann úr akstursgrí. Billinn skemmdist lítilliga sem og klæðning hússins.



Sumartilboð



Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



Yfir 30.000 læknar, sjúkrahjálfarar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnnar og koddar koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir forsætisráðherra Tyrklands?

2. Hvað heitir hundurinn frá Akureyri sem hefur verið miðpunktur fjölmiðlafárs á Íslandi síðustu daga?

3. Enski miðvallarleikmaðurinn David Beckham spilaði sinn fyrsta leik með bandarísku fótboltaliði um helgina. Hvað heitir liðið?

SVÖRIN ERU Á BLADSÍÐU X.

Stjórnarandstaðan í Tyrklandi: Vill málamiðlun um forseta

TYRKLAND, AP Denis Baykal, leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokks Tyrklands, segir ekki koma til greina að næsti forseti



DENIZ BAYKAL Leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins.

FRÉTTABLAÐID/AP

fyrir að frambjóðandi stjórnarflokksins verði kosinn.

Talsmaður stjórnarflokks Recep Tayyips Erdogans segir aftur á móti að kosningaúrslitin sýni að Tyrkir vilji ekki að her landsins blandi sér í stjórnmálin.

- gb

RÚMENÍA

27 létust í hitabylgju

27 létust í hitabylgju sem gekk yfir Rúmeníu í síðustu viku, segir Eugen Nicolaescu, heilbrigðisráðherra landsins. Tólf manns á áttæðisaldri létust úti á götu vegna hitanna á einum og sama deginum að sögn ráðherrans.

Einfættur talibani sem var fangi í Guantanamo-fangelsinu þar til í mars 2004:

Sprengdi sig í loft upp í gær

PAKISTAN, AP Talibanaleiðtoginn Abdullah Mehsud sprengdi sjálfan sig í loft upp með handsprengju í bænum Zhob í suðvesturhluta Pakistan í gær. Pakistanski herinn, sem hafði verið á hælunum á Mehsud í þrjá daga, sat um hann og þrjá aðra menn fyrir dagrenningu. Talið er að Mehsud hafi frekar viljað deyja en að láta ná sér lifandi.

Mehsud var grunaður um að hafa staðið á bak við margar hryðjuverkaárásir, meðal annars að hafa rænt tveimur kínverskum verkfræðingum árið 2004.

Mehsud barðist með talibönum í Afganistan áður en hann var

handtekinn í desember árið 2001 og stungið í Guantanamo-fangelsið á Kúbu. Ekki er vitað af hverju honum var sleppt úr fangelsinu árið 2004.

Dauði Mehsuds er talinn vera mikilvægur fyrir stjórnvöld í Pakistan. Fyrr í vikunni reiddust yfirvöld í Islamabad stjórnvöldum í Bandaríkjunum fyrir að hafa ýjað að því að hugsanlega þyrfti að senda bandarískt herlið til Pakistans til að berjast við hryðjuverkamenn. Pakistönsk yfirvöld sögðu að her landsins væri í betri stöðu til að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna og er dauði Mehsuds talinn vera til marks um það.

- ifv



ABDULLAH MEHSUD Talibaninn sprengdi sig í loft upp með handsprengju í gær eftir að pakistanski herinn hafði króað hann af.

FRÉTTABLAÐID/AP

Styrkir úr tónlistarsjóði veittir:

Ung Nordisk Musik fékk mest

MENNING Tónlistarhátíðin Ung Nordisk Musik fær þriggja milljóna króna styrk úr tónlistarsjóði í ár. Menntamálaráðherra úthlutaði styrkjum fyrir síðari helming þessa árs úr sjóðnum í síðustu viku. Ung Nordisk Musik er samnorræn tónlistarhátíð sem í ár verður haldin í Reykjavík.

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves og Íslensk tónverkamistöð fengu einnig myndarlega styrki, rúmlega eina milljón króna hvort verkefni.

Alls voru veittir styrkir til 51 verkefnis og var heildarfjárhæð þeirra rúmar átján milljónir króna.

- þeb

Nemar á öllu höfuðborgarsvæðinu fá ókeypis í strætó

Viðræður um að veita öllum framhaldsskóla- og háskólanemum frítt í strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu eru á lokastigi. Ákveðið verður í dag hvort nota eigi Smartkortakerfið í verkefnið.

SAMGÖNGUR Samkomulag um að veita öllum framhaldsskóla- og háskólanemum höfuðborgarsvæðisins frítt í strætisvagna er í nánd hjá Strætó bs. Aðildarsveitarfélög eiga einungis eftir að gefa formlegt samþykki fyrir verkefninu. Frítt verður þá í vagna fyrir námsmenn frá miðjum ágúst.

„Það er verið að biðja eftir öllum bæjarfélögnum, þau eru ekki búin að samþykkja þetta formlega,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem situr í stjórn Strætó bs. fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Þorbjörg segir líklegast að kort verði gefin út á hvern einasta námsmann á hans eigið nafn. „Við höfum fengið nemendafélög í lið með okkur til að hjálpa okkur að dreifa þessu og kynna málið innan síns skóla,“ segir Þorbjörg.

Ákveðið verður á fundi verkefnishóps í dag hvort kortin verði svokölluð Smartkort, en til staðar eru í strætisvögnum tæki sem lesa slík kort og telja þannig fjölda notenda. „Þá getum við nýtt tækjabúnaðinn eitthvað betur til að telja, en hann er að vísu ekkert



BEIÐ EFTIR VAGNUM Námsmenn munu fá strætókort á eigið nafn sem veitir þeim ótakmarkaðar ferðir með strætisvögnum höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐID/HARI

óskeikull,“ segir Þorbjörg. „Við munum telja mjög nákvæmlega hvort bílunum á götunum fækki og hvort fólk sé að fara í strætó.“

Verkefnið verður kynnt í byrjun

ágúst, en hingað til hefur umhverfissvið Reykjavíkurborgar undirbúið auglýsingaherferð fyrir það. „Það er mjög gott ef hin sveitarfélögin bætast við, þá

breytum við bara texta og upplýsingum á auglýsingunum,“ segir Þorbjörg.

Hugleikur Dagsson teikni-myndahöfundur mun sjá um að teikna myndir fyrir auglýsingar, að sögn Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar, sem sér um kynningarmál vegna verkefnisins.

„Það eru bílastæðavandamál fyrir utan háskólana og framhaldsskólana,“ segir Þorvaldur. „Það er ekki sjálfgefið að hafa bifreið til umráða á námsárunum og vonandi mun þetta létta nemendum róðurinn.“ Nemendafélög hafi jafnvel viðrað hugmyndir um að bjóða upp á kaffi og kleinur á biðstöðvum strætó til hvatningar.

Að sögn Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætó bs., verður ódýrara að gefa frítt í strætisvagna á hvern einstakling eftir því sem fleiri sveitarfélög taki þátt.

„Ég er mjög bjartsýnn á að þetta takist, en málið er ekki formlega afgreitt úr bæjarráðum eða stjórn um þessara félaga,“ segir Reynir. „Það eru allir með fundi í þessari viku eða næstu og við vonum að þetta klárast.“ steindor@frettabladid.is



Snjöll sænsk hönnun sem gerir íslenskar útilegur þægilegri og girnilegri



Til að borða af

Til að borða með

Komdu og líttu á úrvalið í verslunum okkar í Faxafeni 12 og Glerárgötu 32, Akureyri.



REYKJAVÍK: Kringlan Bankastræti 5 Faxafen 12 KÓPAVOGUR: Smáralind GARDABÆR: Miðhraun 11 AKUREYRI: Glerárgata 32

www.66north.is

Ár	Fjöldi skráðra dísilbifreiða	Fjölgun dísilbifreiða í prósentum
2001	30.346	
2002	31.501	
2003	33.735	
2004	36.870	9,3%
2005	43.081	16,8%
2006	50.088	
2007*	52.310	4,4%

* Áætlan miðað við sölu fyrstu fjórum mánuði ársins

Niðurfelling þungaskatts hefur ekki mikil áhrif:

Áttu von á meiri fjölgun dísilbifreiða

SAMGÖNGUR „Menn áttu von á meiri fjölgun dísilbíla. Þetta er nær neðri mörkum þess sem menn þjuggust við,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félagsíslenskra bifreiðaeigenda. Þungaskattur á dísilbifreiðar var felldur niður 1. júlí 2005. Í staðinn var lagt olúgjald á hvern lítra.

Árið 2005 voru nýskráðar riflega sex þúsund dísilbifreiðar sem var tæplega sautján prósentu aukning flotans. Í fyrra voru nýskráðar rétt rúmlega sjö þúsund dísilbifreiðar sem er um sextán prósent aukning. Fyrstu fjóra mánuði þessa árs voru nýskráðar rúmlega tvö þús-

und dísilbifreiðar. Með sömu fjölgun allt árið, án tillits til árstíðabundinna fjölgana, má gera ráð fyrir að fjölgunin verði rúmlega sex þúsund bifreiðar á árinu.

Runólfur segir að heimsmarkaðsverð á olíu hafi þróast á þann veg að dísilolían sé dýrari en menn gerðu ráð fyrir við lagasetninguna. Það er meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar í Evrópu.

„Víða í Evrópu er gríðarleg fjölgun á dísilbifreiðum. Í mörgum löndum í Mið-Evrópu eru dísilbifreiðar orðnar yfir fimmtíu prósent af nýskráðum bifreiðum,“ segir hann.

- avi



HEILIR STURTU KLEFFAR

SÉR
TILBOÐ!

MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90

ÖRYGGISGLER



Sturtuhaus



Handsturta



Hitastýrð
blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæli

VERÐ FRÁ 77.900

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.it.is

Opð virka daga frá kl. 09-18

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



KÁTIR APAR Þeir léku sér datt í góða veðrinu í rómverskum dýragarði nú í vikunni þessir litlu apar frá Japan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bændur við Neðri-Þjórsá setja upp skilti sem sýnir áætlaða hæð virkjunarlóns:

Vekja athygli á verðmæti náttúrunnar

NÁTTÚRA Skilti hefur verið sett upp í mynni Þjórsárdals sem sýnir hversu mikið af náttúru ferðamanna-staðarins hverfur fái Landsvirkjun leyfi til að virkja Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjun. Heimamenn á svæðinu settu skiltið upp, og vinna nú að því að kynna líf og umhverfi fólksins við ána.

Á skiltinu, sem sett var upp á mánudag, stendur „Áætluð lónshæð“ og sýnir það hversu hátt vatnið við Þverá nær ef af virkjunarframkvæmdum Landsvirkjunar verður. Guðfinnur Jakobsson í Skaftholti segir tilganginn vera að vekja athygli á þessari náttúru sem fáir þekkja.

„Það þarf að kynna þessa náttúru svo fólk geri sér grein fyrir því hvaða verðmæti eru hér á ferðinni,“ segir hann. „Það er erfitt að meta náttúrufegurð til fjár í samanburði við seld megavött í raforku, en náttúran er varanleg og verður verðmætari með tímanum.“



SKILTID REIST Ólafur Sigurjónsson, Guðfinnur Jakobsson og Albert Sigurjónsson reistu skiltið í Þjórsárdal á dögunum.

Guðfinnur segir heimamenn hafa hitt ráðherra Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson iðnaðar-ráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, og rætt við þá um virkjanaáformin. „Við viljum að Samfylkingin standi við loforð sín um stóriðjuhlé,“ segir hann.

- sps

Sýsla í Pennsylvaníu:

Skuldaði látnum manni 200 rósir

BANDARÍKIN John F. George, íbúi í Chambersburg í Bandaríkjunum, dó í þeirri bjargföstu trú að sýsla í Pennsylvaníu skuldaði honum yfir tvö hundruð rósir.

Samkvæmt hefð borguðu þrjár kirkjur í bænum afkomendum stofnanda bæjarins, Benjamin Chambers, eina rós á ári í leigu, þar sem Chambers hafði gefið þeim landið undir kirkjur.

George var afkomandi Chambers og hélt því staðfastlega fram við sýslumann þar til hann lést að hann ætti inni rósir, samkvæmt skjali frá árinu 1784. „Ég hélt alltaf að hann væri að grinast,“ sagði sýslumaður.

- sgj

Hentugt við grillið

einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Á tilboði í
júli 2007
Plasthnífapör, pappadiskar
og plastglös

Snæbjörn Árnason,
sölumaður hjá RV

238 kr.



30/35cl, PET
50stk (25ík)

217 kr.



25/30cl, PET
50stk (25ík)

217 kr.



20cl rauðvín
10stk (25ík)

157 kr.



17cl á fæti
10stk (45ík)

296 kr.



Pappadiskar 23cm,
50stk (20ík)

177 kr.



Plasthnífar 100stk (10ík)
Plastgafflar 100stk (10ík)

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Tilboðið gildir út júlí 2007
eða meðan birgðir endast.

25 Rekstrarvörur
ára 1982–2007



FAGNADARFUNDIR Búlgarska hjúkrunarkonan Valia Georgieva Chervenishahka fær innilegar móttökur á flugvellið í Sofíu. Stóllur hennar, þær Valentina Manolova Siroulo og Nasia Stoitcheva Nenova, bíða sinna ættingja.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náðuð strax við komuna

Forseti Búlgaríu veitti fimm hjúkrunarfræðingum og lækni náðun í gærmorgun, eftir átta ára fangelsisdvöl í Líbíu. Líbíustjórn féllst á framsal.

BÚLGARÍA, AP Fimm búlgarskir hjúkrunarfræðingar og einn palestínsk læknir komu til Búlgaríu í gærmorgun eftir meira en átta ára dvöl í fangelsi í Líbíu. Ættingjar tóku þeim fagnandi og Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu, náðaði þau öll strax við komuna til Sofíu, höfuðborgar Búlgaríu.

„Ég hef beðið svo lengi eftir þessu augnabliki,“ sagði Snezhana Dimitrova, ein hjúkrunarkvennanna, og faðmaði innilega einn ættingja sinn sem tók á móti þeim á flugvellið.

Á sunnudaginn héldu þær Cecilia Sarkozy, forsetafrú Frakklands, og Benita Ferrero-Waldner, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, til Líbíu til að semja um framsal fanganna sex til Búlgaríu.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti fullyrðir að hvorki Evrópusambandið né Frakkland hafi greitt Líbíu fé fyrir lausn hjúkrunarfræðinganna og læknisins. Hins vegar sagði hann að Katar hefði haft milligöngu um að fá fangana lausa og jafnframt gaf hann í skyn að Katar hefðu hugsanlega átt stærri þátt í að leysa vandann.

Stjórnvöld í Líbíu höfðu sakað fólkíð um að hafa vísvitandi smitað meira en 400 börn af alnæmis-

veirunni á sjúkrahúsi þar í landi, þar sem það starfaði fyrir níu árum. Í síðasta mánuði var svo loks eftir langvinn réttarhöld kveðinn upp yfir þeim dauðadómur í hæstarétti, en þeim dómi var breytt í lífstíðarfangelsi í síðustu viku. Í beinu framhaldi af því var samið um framsal þeirra til Búlgaríu. Palestínska læknum var veittur búlgarskur ríkisborgararéttur í síðasta mánuði.

Abdul-Rahman Shalqam, utanríkisráðherra Líbíu, skýrði frá því í gær að Evrópusambandið hefði, nú þegar fangarnir sex hafa verið látnir lausir, tekið Líbíu í sátt og bjóði fullt samstarf. Einnig ætli Evrópusambandið að veita Líbíu fjárhagsaðstoð, meðal annars til þess að alnæmissmituðu börnin fái viðeigandi meðferð alla ævi.

Hjúkrunarfræðingarnir og læknirinn hafa jafnan neitað því að hafa vísvitandi smitað börnin af alnæmisveirunni. Sérfræðingar hafa kennt skorti á hreinlæti á sjúkrahúsinu um.

Parvanov Búlgaríuforseti sagðist í gær sannfærður um sakleysi þeirra, en sagði jafnframt að „hinn harmleikurinn – harmleikur smituðu barnanna í Líbíu og ættingja þeirra“, væri sér enn ofarlega í huga.

gudsteinn@frettabladid.is

VARAHLUTIR

N1 býður landsins mesta úrval af varahlutum með 3 ára ábyrgð, í allar gerðir bifreiða.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 • SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS

Stjórn Hafnasambandsins: Mótmælir aðdróttunum

SJÁVARÚTVEGUR Stjórn Hafnasambands Íslands mótmælir aðdróttunum sem gerðar hafa verið í fjölmiðlum um að hafnarstarfsmenn víða um land séu óheiðarlegir þegar þeir vigta sjávarafla úr skipum. Gísli Gíslason, formaður stjórnar Hafnasambands Íslands, segir að starfsmenn hafna skili Fiskistofu alltaf yfirliti um landaðan afla innan nokkurra klukkustunda frá uppskipun. „Starfsmenn hafna um allt land sinna hlutverki sínu af kostgæfni og samviskusemi enda hafa útgerðarfyrirtæki, sjómenn og Fiskistofa treyst störfum þeirra í hvívetna,“ segir Gísli.

- ifv

Þrír tyrkneskir tölvuþrjótur hafa skemmt fjölda íslenskra heimasíðna undanfarið:

Tyrkir ráðast á íslenskar síður

LÖGREGLUMÁL Tyrkneskur tölvuþrjótur sem kallar sig Charles Manson braust inn á vef íslenska fyrirtækisins Avion Aircraft Trading aðfaranótt föstudags og aftur sólarhring seinna. Á síðunni skildi hann eftir skilaboðin „Charles Manson was here“ og nokkur neikvæð ummæli um Írani. Skemmdarverkið er í rannsókn hjá lögreglu.

Þrír austfirskir vefir urðu fyrir bardinu á tyrkneska hakkaranum Uyusman fyrir helgi, allir hannaðir af fyrirtækinu Galdri á Hornafirði og hýstir í Þýskalandi.

„Við tókum eftir þessu á föstudaginn,“ segir Björt Sigfinnsdóttir



SÍÐURNAR ÓNÝTAR Uyusman réðst á fjölda síða og skildi eftir skilaboð.

hjá LungA. „Allt sem við áttum, allur grunnurinn, það var allt farið. Ekkert eftir og við þurfum að byrja frá núlli. Margra mánaða

vinna farin í vaskinn. Það eina sem við vitum er að þetta var einhver mjög fær.“

„Þetta eru oft einhver pólitísk skilaboð sem þeir vilja koma á framfæri,“ segir Arnþór Reynisson, tæknistjóri hjá Nýherja, tölvufyrirtækinu sem hýsir síðu Avion Aircraft Trading.

Tölvuþrjóturinn paTRiot braust inn á síðu Banana ehf. í júní og skildi eftir þjóðernissinnuð skilaboð. „Önnur síða var í vinnslu, svo að þetta breytti engu fyrir okkur,“ segir Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana ehf. „Okkur fannst þetta eiginlega bara skemmtilegt.“

- sgj

Aflaverðmæti 2006:

Mest í beinni sölu til vinnslu

SJÁVARÚTVEGUR Verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslustöðva nam 28 milljörðum króna árið 2006. Það er um 37 prósent af heildaraflaverðmæti, að því er fram kemur í nýjustu Hagtíðindum.

Verðmæti sjófrystra afurða var 26 milljarðar eða 34 prósent af aflaverðmæti. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gámum var 7,9 milljarðar. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til endurvinnslu innanlands var 12 milljarðar króna. Verðmæti afla sem keyptur var á fiskmarkaði og sendur út í gámum var 1,5 milljarðar króna.

-shá



HÁSKÓLI ÍSLANDS Norræna sagnfræðingabíngið verður haldið í Háskóla Íslands dagana 8. til 12. ágúst.

Norræna sagnfræðingabíngið: Haldið á Íslandi í annað sinn

MENNTAMÁL 26. norræna sagnfræðingabíngið verður haldið í Háskóla Íslands dagana 8. til 12. ágúst. Sagnfræðistofnun og Landsnefnd sagnfræðinga standa að þinginu ásamt landsnefndum sagnfræðinga á hinum Norðurlöndunum.

Á þinginu verða 50 málstofur og eru fyrirlesarar hátt í tvö hundruð. Rúmlega 350 gestir munu sækja þingið.

Norrænu sagnfræðingabíngin eiga sér langa sögu; hið fyrsta var haldið í Lundi í Svíþjóð árið 1905. Þingið hefur aðeins einu sinni farið fram áður hér á landi, árið 1987.

- ifv

Árni Johnsen:

Gerði minnisvarða um Ólaf

FÓLK Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, mun afhjúpa minnisvarða um Ólaf Þ. Þórðarson, skólastjóra og þingmann Framsóknarflokksins, á Stað í Súgandafirði á morgun.



ÓLAFUR Þ. ÞÓRÐARSON

Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hannaði minnisvarðann. Ólafur gegndi þingmennsku fyrir Framsóknarflokkinn á Vestfjörðum um árabil. Hann var jafnframt mikill hestamaður, en féll frá fyrir aldur fram.

Félagar Ólafs og aðstandendur, auk þingflokks Framsóknarflokksins, standa að minnisvarðanum. Að athöfninni lokinni verður kaffisamsæti í Verkalýðshúsinu á Suðureyri.

- sgj

Kosningar í Tyrklandi:

Aldrei fleiri konur á þingi

TYRKLAND, AP Aldrei hafa fleiri konur verið kjörnar á þing í Tyrklandi og í nýafstöðnum kosningum. Áætlað er að um 45 til 50 af 550 þingmönnum séu konur en ekki hefur verið upplýst um endanlega niðurstöðu.

Ef þetta verður niðurstaðan munu tvöfalt fleiri konur sitja á þingi en áður hefur verið. Stjórnvöld í landinu hafa reynt að auka jafnrétti í landinu undanfarið. Á lista yfir fjölda kvenfulltrúa á þjóðþingum heimsins er Tyrkland í 123. sæti.

- þeb



FRÁBÆR KAUP!

Sjö manna Kia Carens CRDI dísil, sjálfskiptur, 2,0 l., 140 hö.

2.850.000 kr.

DVD bílabíó og dráttarbeisli innifalið í verði

KIA CARENS

Nýi sjö manna fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseginnleika.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling

- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- Ræsitengd þjófavörn

... og margt fleira





KIA MOTORS
The Power to Surprise™

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.



BLÓMAPOTTUR Á HÖFÐI Kanhaiya Lal Maharaj heitir þessi maður frá Gujarat á Indlandi sem beið hinn þólinmóðasti í höfuðborginni Nýju-Delí. Blómin ætlaði hann að færa nýkjörnum forseta landsins, Pratibha Patil. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Efnahagsumbætur Mugabes:
Vill þjóðnýta banka í landinu

SIMBABVE, AP Robert Mugabe, forseti Simbabve, vill þjóðnýta erlend fyrirtæki, banka og námur í landinu. Hann hefur undirbúið frumvarp um þjóðnýtinguna sem lagt verður fyrir þing landsins fyrir þingkosningar sem fara fram í landinu í mars árið 2008.



ROBERT MUGABE

Alþjóðleg fyrirtæki sem kunna að verða fyrir barðinu á þjóðnýtingarhugmyndum Mugabes eru til að mynda Barclays-bankinn enski, námafyrirtækið Bindura Nickel Corporation og námafyrirtækið Rio Zim.

- ifv

Nýstárlegar kapp-ræður demókrata

Unga fólkið í Bandaríkjunum baunaði í fyrrakvöld spurningum á átta demókrata sem sækjast eftir því að verða forsetaefni flokksins. Flestir sögðust þeir fúsir til að taka að sér forsetaembættið fyrir lögbundin lágmarkslaun.

BANDARÍKIN, AP Átta bandarískir stjórnmálamenn, sem allir sækjast eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins, sátu fyrir svörum í nokkuð óvenjulegum sjónvarpskappræðum í fyrrakvöld. Spurningarnar komu flestar frá ungu fólki sem notfærði sér Youtube-vefinn til að ávarpa stjórnmálamennina.

Spurningarnar voru margar hverjar býsna kostulegar. Til að mynda mátti á einu myndbandinu sjá áhyggjufullan snjókarl spyrja út í hlýnun jarðar.

Sum svörin frá frambjóðendum voru ekki síður óvenjuleg. „Hann þarf á hjálp að halda,“ sagði til dæmis Joe Biden, öldungadeildarþingmaður frá Delaware, þegar sýnt hafði verið myndband af manni sem hélt á skotvopni í fanginu og spurði hvernig frambjóðendurnir ætluðu að „vernda barnið sitt“.

„Ég veit ekki hvort þessi maður er andlega hæfur til að eiga þessa byssu,“ sagði Biden.

Þá upplýsti John Edwards, sem er fyrrverandi öldungadeildarþingmaður frá Norður-Karólínu, viðstadda um að hann væri hreint ekki hrifinn af skærлитаða jakkanum sem Hillary Clinton klæddist þar á sviðinu.

Alvarlegri tónn var þó sjaldnast langt undan. Til dæmis kvaðst Barack Obama gjarnan vilja ræða við leiðtoga „óvinaríkjanna“ Írans,



GLATT Á HJALLA HIÁ DEMÓKRÖTUM Spurningarnar sem þau Edwards, Clinton, Obama og hinir demókratarnir fengu voru margar hverjar kostulegar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sýrlands, Venesúela, Kúbu og Norður-Kóreu strax á fyrsta ári í forsetaembættinu.

Hillary Clinton sagðist hins vegar hreint ekki fánleg til að ræða við leiðtoga þessara ríkja: „Ég vil ekki láta nota mig í áróðursskyni,“ sagði hún.

Stundum þurfti að leggja hart að frambjóðendum til þess að fá fram skýr og ótvíræð svör. Til dæmis þurfti að spyrja Clinton þrisvar hvort hún myndi senda bandaríska hermenn til Darfúr-

héraðs í Súdan áður en hún svaraði neitandi.

Frambjóðendurnir voru meðal annars spurðir hvort þeir myndu taka að sér forsetaembættið fyrir lögbundin lágmarkslaun, sem í Bandaríkjunum nema rétt tæplega 350 krónum á tímann, og flest sögðust þau fús til þess. „Við höfum efni á því að vinna fyrir lágmarkslaun vegna þess að við sem stöndum á þessu sviði eigum flest heilmikið af peningum,“ sagði Obama. gudsteinn@frettabladid.is



NORRÆNA HÚSIÐ Dagskrá menningarhátíðarinnar Reyfi-menningargæð var kynnt í Norræna húsinu í gær.

Menningarhátíðin Reyfi:
Nú daga veisla í Norræna húsi

MENNINGARMÁL Búist er við þúsundum gesta á norrænu menningarhátíðina Reyfi-menningargæð sem haldin verður í Norræna húsinu í Reykjavík dagana átjándá til 26. ágúst. Á hátíðinni verða rithöfundar, tónlistarmenn, dansarar, leikarar og fleiri listamenn frá Norðurlöndunum.

Meðal þeirra íslensku listamanna sem koma fram á hátíðinni eru þeir Einar Már Guðmundsson, Ólöf Arnalds og Caput-hópurinn. Af erlendum listamönnum má nefna sænsku skáldkonuna Camillu Läckberg og finnska dúettinn KatiMatti. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu Norræna hússins nordice.is.

- ifv

PÓLLAND

Hætta ekki við

Pólsk og bandarísk stjórnvöld ætla ekki að hætta við að reisa eldflaugavarnakerfi í Póllandi þrátt fyrir andstöðu Rússa við hugmyndina. Þetta segir aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, Witold Waszczykowski.



Ingvar Helgason

„ORÐRÉTT“

Lúkas er rándýr

„Þetta er búið að vera ein hringavitleysa og hefur kost- að heilmikla vinnu. Það er búið að sólunda fé skattborg- ara og tíma lögreglunnar.“

GUNNAR JÓHANNSON, YFIR- MAÐUR RANNSÓKNARDEILDAR LÖGREGLUNNAR Á AKUREYRI, ER EKKI ÁNÆGDUR MEÐ LÚKASARFAR- SANN MIKLA.

Fréttablaðið 24. júlí.

Þurfti þá að taka hlé?

„Ég varð nú fyrir því í gær að batteríð kláraðist í miðri ræðu í jarðarför í Fossvog- inum.“

SÉRA ÖRN BÁRDUR JÓNSSON HEFUR TEKID UPP Á ÞVI AÐ HLJÓÐRITA LÍKRÆÐUR OG PRÉDIKANIR OG BIRTA ÞÆR Á VEFSDU SINNI.

Fréttablaðið 24. júlí.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

MÓTMÆLI SAVING ICELAND



GUNNAR HÓLMSTEINN GUÐMUNDSSON verkfræðinemi

Þarf að vera málefnalegt

„Persónulega finnst mér þetta mjög ómálefnalegt,“ segir Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, verkfræðinemi og starfsmaður markaðsdeildar Vífilfells. „Ég er á báðum áttum varðandi málstað þeirra, þetta er gott fyrir hagkerfið, en kemur niður á ferðamannaíð- aðinum. Það er ekkert að því að útlendingar mótmæli hér á landi, það eiga náttúrulega allir að mega mótmæla, en það er mikilvægt að það sé á málefnalegan hátt. Þegar ég var í MR stóðum við fyrir mótmælum gegn styttingu náms til stúdentsprófs. Við reyndum að hafa þau mótmæli sem allra mest á málefnalegu nótunum, engar skemmdir eða neitt í þeim dúr. Við sendum bréf til ráðherra og héldum kappræður á Austurvelli. Þetta heppnaðist og það var fallið frá þessum áformum.“

Í sumar starfa fimm ung- menni á vegum Hins Húss- ins og Blindrafélags Íslands undir merkjum Ungblind. Þau kanna aðgengi fyrir blinda og sjónskerta á höf- uðborgarsvæðinu.

„Við gerum úttektir á stöðunum og fáum svo fundi með yfirmönnum þar sem við greinum þeim frá nið- urstöðum okkar,“ segir Hörður Kolbeinsson. „Það eru alls staðar meira eða minna sömu hlutirnir sem þarf að bæta,“ bætir Eypór Þrastarson við.

Í hópnum eru þrjú blind og sjón- skert ungmenni, þau Eypór, Dagný Kristjánsdóttir og Björn Andrés- son. Þeim til halds og trausts eru svo aðstoðarmennirnir Hörður og Sindri Már Kolbeinssynir. Fimm- menningarnir hafa í sumar heim- sótt fjölfarna staði eins og sund- laugar, Reykjavíkurlugvöll og nú síðast Kringluna. Þeir segja mikið vanta upp á merkingar, til dæmis við klósett og út- og innganga. Einnig þyrfti upplýsingatöflur á blindaletri svo einhver dæmi sé nefnd.

Hópnum hefur víðast hvar verið vel tekið en segir þó mismikinn áhuga vera á verkefninu. Flestir haldi að bætt aðgengi fyrir blinda og sjónskerta sé kostnaðarsamt og erfitt verkefni. „En þetta eru smá-

vægilegir hlutir sem hægt er að gera fyrir lítið sem ekki neitt. Það er bara ekki hugsað um þetta. Þetta er meira spurning um tíma og vinnu heldur en peninga.“

Úttektirnar sem ungmennin gera eru ekki formlegar. Þau segja sitt hlutverk aðallega vera að vekja athygli á aðgengismálunum en ekki að standa í stappi yfir að hlutunum verði breytt. Til þess

gefst einfaldlega ekki nægur tími, enda verkefnið bara átta vikur.

„Blindrafélagið sjálft var eigin- lega verst staðurinn sem við höfum kannað. Sú úttekt var hvað harðorðust. Það er frekar öfugsnú- ið,“ segja Björn og Dagný. Aðstoð- armennirnir tveir bæta því við að Blindrafélagið ætti að vera fyrir- mynd í þessum málum og mikil- vægt sé að þar sé gott aðgengi.

Hópurinn hefur einnig fylgt eftir verkefni sem byrjað var á í fyrrasumar. Það felst í því að bjóða veitinga- og kaffihúsum að þýða matseðla yfir á blindaletur og prenta stækkaðar útgáfur fyrir sjónskerta. Nokkur veitingahús hafa þekkt boð þeirra og bjóða nú upp á sérstaka matseðla fyrir blinda og sjónskerta.

thorunn@frettabladid.is

Viðamikill vefur með upplýsingum um allt mögulegt sem tengist Vestmannaeyjum:

Vestmannaeyja-Wikipedia

Heimaslóð er vefur með upplýs- ingum um sögu, menningu og náttúru Vestmannaeyja. Hann var settur á laggirnar árið 2005 og er rekinn af Vestmannaeyjabæ. Vef- urinn er á svokölluðu wiki-formi, sem þýðir að margir geta skrifað nýjar greinar eða breytt þeim sem fyrir eru.

Á vefnum, sem hefur slóðina www.heimaslod.is, má til dæmis finna upplýsingar um alla Vest- mannaeyinga sem búið hafa við Kirkjubæjarbraut, fuglategund- irnar sem halda til í Eyjum og þær hátíðir sem haldnar eru í Vest- mannaeyjum ár hvert. Sérstök undirsíða er einnig til um götur og kennileiti sem fóru að einhverju eða öllu leyti undir hraun í gosinu 1973. Vefurinn er eins konar Wikipedia Vestmannaeyja, og er nánast jafn stór og öll íslenska Wikipedia-síðan.

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir vefinn fyrst og fremst að þakka frum- kvæði ákveðinna starfsmanna bæjarins. „Við Eyjamenn eigum



HEIMASLÓÐ Sérstakur undirvefur er tileinkaður byggðinni sem fór undir hraun í Vestmannaeyjagösinu 1973.

svo merkilega sögu og hér er svo margt að skoða að okkur fannst full ástæða til að nota internetið til að koma því til skila,“ segir hann. „Ég veit að grunnskólar og

framhaldsskólar víða um landið hafa notað vefinn í verkefna- vinnu, og ferðamenn nota þetta mikið áður en þeir heimsækja Eyjar.“

- sps

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FLOSI EIRÍKSSON VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR OG BÆJARFULLTRÚI

Byggir í vesturbænum í Kópavogi

„Það er ekkert að fréttá í góða veðrinu, ég er búinn að vera í smá sumarfríi og njóta þessa ótrúlega veðurs sem hefur verið hér á suðvesturhorninu undanfarnin mánuð,“ segir Flosi Eiríksson, viðskiptafræðingur og bæjarfulltrúi. „Ég er að byggja hérna í vesturbænum í Kópa- vogi, er búinn að slá upp sökklínun með hjálp góðra manna. Bróðir minn er smiður, mágur minn er smiður, tengdafaðir minn sömuleiðis svo ég telji nú bara örfáa í kringum mig sem vanir eru. Við reynum að vera búnir að klára að byggja upp úr áramótum.“

Ég bý hérna fyrir í vestur- bænum og hef eiginlega aldrei búið neins staðar annars staðar. Foreldrar mínir byggðu hérna upp úr 1950. Það lengsta sem ég hef komist úr vesturbænum er að ég



bjó í nokkur ár í Hamraborginni hinum megin við gjána. Lengra hef ég ekki komist. Skipulagsmálin hérna í vesturbænum hafa reyndar verið í miklum brennidepli að undanfögnu og mikil mótmæli út af þessum glórulauðu hugmynd- um um uppbyggingu hérna. Hruga á inn fullt af íbúðum, hafnarstarfsemi og annarri atvinnustarfsemi sem eykur mjög umferðina hér á þessum þröngu húsagötum í vestur- bænum.

Ég hef ekkert farið í fríinu, þar spilar inn í að konan mín á von á barni á næstu tveimur vikum, það dregur eðlilega úr ferðalögum. Þetta verður þriðja barn okkar hjóna og ég á eitt barn fyrir. Ég sný svo til vinnu aftur í dag en ég vinn hjá KPMG sem viðskipta- fræðingur. Ég byrjaði þar fyrir rúmu ári og líkar það mjög vel.“

AÐGREINING FÍLATEGUNDA: FYRIR MILLJÓNUM ÁRA

■ Vísindamenn í Bandaríkjun- um, Sviss og Þýskalandi hafa komist að því með genarann- sóknum að afríski fill- inn og sá asíski eiga rætur sínar að rekja til sameigin- legs forföður sem var uppi fyrir 7,6 milljónum ára. Vísindamenn- irnir báru DNA-sýni úr tegund- unum tveimur saman við sýni úr útdauðri loðafílategund og komust að þessari niðurstöðu. Afríski fillinn er miklu stærri en sá asíski og er auðþekjanlegur vegna stórra eyrnablaðkna sinna.



Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Rein Fjárfestir ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



Landsins stærsta
SKÓSPRENGJA
hefst á morgun
26. júlí kl. 10:00



Sendum
í póstkröfu!

Ecco búðunum - Steinar Waage - Kaupfélagið

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
Outlet

MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
SUN. 12 - 16

PETER KAISER

ECCO



LLOYD

ZINDA

Flugvellir og álver:

Kylfa ræður kasti

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fyrr í þessari viku vakti Eiður Guðnason, sendiherra og fyrrverandi umhverfisráðherra, athygli á snautlegri flugafgreiðslu á Reykjavíkurlugvelli með grein hér í Fréttablaðinu. Að vísu eru það ekki ný sannindi en því fremur þörf áminning.

Brýning af þessu tagi leiðir um leið í ljós hversu mikilvægt er að hugsa flugvallarmál höfuðborgarsvæðisins í víðu samhengi. Fram til þessa hefur umræðan um þetta viðfangsefni mest snúist um hagsmunatog landsbyggðarfólks og þeirra Reykvíkinga sem sjá önnur not fyrir Vatnsmýrina.

Sannleikurinn er þó sá að Reykjavíkurlugvöllur hefur í nokkrum mæli verið notaður fyrir millilandaflug. Það á bæði við um áætlunarflug og einkaflug. Flest bendir til að einkaþotuflug um völinn fari vaxandi. Nýlega eru síðan komnar fram óskir um aðstöðu þar til frekara millilandaflugs.

Af yfirlýsingum samgönguráðherra má ráða að þau yfirvöld séu áhugasöm um að þróa Reykjavíkurlugvöll í þessa veru til að efla samkeppni. Þannig sýnist standa vilji til að nota flugvöllinn til miklu umfangsmeiri flugstarfsemi á komandi árum en takmarkaðs innanlandsflugs.

Aukið þotuflug er á hinn bóginn líklegt til þess að herða til muna andstöðu við veru vallarins á þessum stað af umhverfisá- stæðum. Að því mun aukheldur reka, ef að líkum lætur, að fjármálaráðherra komist einn góðan veðurdag að þeirri niðurstöðu að fjármunum skattborgaranna sé ekki vel varið með því að reka tvo alþjóðaflugvelli með fjörutíu kílómetra millibili.

Engin dæmi eru um slíkt þjónustustig með öðrum þjóðum miðað við jafnan farþegafjölda. Í fljótu bragði verður ekki séð að Keflavíkurlugvöllur, sem nú er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, verði fluttur nær miðju þess. Þessar einföldu staðreyndir er nauðsynlegt að hafa í huga við stefnumótun um þróun flugvallarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu öllu og skipulagi þess frá Skipaskaga að Garðskaga.

Ætla má að af sjálfu leiði að byggð muni á næstu áratugum þróast milli Straumsvíkur og jaðarsins á Miðnesheiði. Það er náttúra samgöngumiðstöðva að draga til sín atvinnustarfsemi og byggð. Skipulag næstu áratuga á þessu svæði öllu ætti þar af leiðandi að taka mið af þessu.

Hafnfirðingar hafa nýlega ákveðið í allsherjaratkvæðagreiðslu að Straumsvík verði ekki framtíðarvettvangur fyrir álver. Á sama tíma eru áform eða bollaleggingar um að reisa álver á tveimur öðrum stöðum á fyrirsjáanlegu byggðapróunarsvæði milli kjarna höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurlugvallar.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort það er skynsamleg ráðstöfun horft frá almennum skipulagssjónarmiðum. Er ekki full ástæða til þess að móta heildstæða stefnu um þróun flugvallarstarfsemi og byggðar á þessu svæði öllu? Geta skipulagsyfirvöld landsins látið kyflu ráða kasti hvernig þessi mál skipast á næstu áratugum?

Eins og sakir standa virðist sú stefna ríkjandi að láta þrýsting hverju sinni ráða viðbrögðum og aðgerðum bæði varðandi flugstarfsemi og álver. Betra ráð væri hins vegar að samhæfa áform samgönguyfirvalda, skipulagsyfirvalda og þeirra sveitarfélaga sem hér eiga hlut að máli. Alltént mætti ljá slíku verklagi nokkra hugsun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Sósíalisti í kratahúsi

Svavar Gestsson, sendiherra í Danmörku, mun í haust flytja úr sendiherrabústað sínum í Charlottenlund í annan síst minna glæsilegan í Frederiksberg. Sósíalistanum Svavari hefur aldrei verið neitt sérstaklega gefið um krata, í það minnsta ekki þegar reynt hefur verið að troða þeim stimpli á hann sjálfan, og því er ekki sérlega flókið að átta sig á því hvers vegna hann vill flytja úr núverandi sendiherrabústað. Hann stendur nefnilega við Krathusvej, sem hægt væri að þýða sem Kratahúsaveg. Svavar vill væntanlega ekki þurfa að þjóða of mörgum í mat á þetta heimilisfang.



Forseti Íslands ehf.

„[...] Íslendingar hafa stundum reynst óþrútnir mjög og tekið þátt í að þvinga fátækar þjóðir til að einkavæða almannafyrirtæki og færa þau í hendur auðhringa, þar á meðal íslenskra. Búlgarski síminn er dæmi um þetta.“ Þetta skrifar Ögmundur Jónasson á vef sinn í gær, í færslu þar sem hann gagnrýnir það að undirritun samnings Eimskips um rekstur kæli- og frystigeymslu í Kína hafi farið fram á Bessastöðum. „Forsetaembættið er sem betur fer ekki orðið ehf.“, segir hann.

Stjórnumfans heiðraði Cortes

Garðar Thór Cortes hélt glæsilega veislu í London í fyrrakvöld og hefur mikið verið fjallað um stórstjórnumnar sem heiðruðu



Garðar með nærveru sinni. Sérstaklega voru nefndir leikarinn Billy Zane (vondi karlinn í Titanic) og Morten Harket, söngvari sænsku sveitarinnar A-Ha. Hægara sagt en gert mun vera að bóka þessa kappi í parti. Þetta minnir á það þegar gestir á tónleikum Sigur Róasar í Hollywood Bowl í október 2005 þóttu afar fréttuamir. Þá var stjórnumfansinn sam- settur af klámkónginum Ron Jeremy, Eric Szmanda, leikara úr CSI, Ragnheiði Ragnarsdóttur sundkonu og leikaranum Gottskálk Degi Sigurðssyni.

stigur@frettabladid.is

Viðheldur fáfræði kristninni?

Vísindasagnfræðingurinn dr. Steindór J. Erlingsson skrifaði í Fréttablaðið 16. júlí sl. í grein með sama heiti og þessi. Þar segir hann frá nýfenginni þekkingu sinni á ritunarsögu Nýja testamentisins og textafræðilegum úrlausnarefnum sem hann hefur frá bandaríska guðfræðiprófessornum Bart D. Ehrmann, einnig þeirri „að Jesús var nokkuð líklega til!“.. Ehrmann þessi mun vera í röð fremstu sérfræðinga í textafræðum Nýja testamentisins. Ekki er ástæða til að draga það í efa.

Það er einkum tvennt sem virðist hafa vakið athygli og ánægju Steindórs. Annars vegar umræða Ehrmanns um heimsslitakenningar Jesú og hins vegar upplýsingar um ritunarsögu Nýja testamentisins og uppgötvanir textafræðinga á ólíkum lesháttum milli einstakra handrita sem fundist hafa. Tilgreinir hann sem dæmi að fræðimenn áltíð að síðustu tólf versin í Matteusarguðspjalli séu að líkindum seinni tíma viðbót. Er svo að skilja að þessu og öðru hafi verið haldið leyndu fyrir almenn- ingi í blekkingarskyni.

Í fræðilegum útgáfum af grískum texta Nýja testamentisins er gerð grein fyrir margvíslegum textaafbrigðum. Þau eru ekkert leyndarmál. Fleiri forn handrit hafa fundist af ritum Nýja testamentisins, og annarra rita sem því tengjast, en af nokkrum öðrum fornur ritum. Þessar fræðilegu textaútgáfur eru síðan notaðar við þýðinga um allan heim. Það vill svo til að í íslensku Biblíunni er getið um þetta umrædda textaafbrigði neðanmáls í Markúsarguðspjalli. Svo er um mörg önnur textaaf- brigði. Hvert er leyndarmálið sem verið er að ljósra upp?

Að túlka niðurstöður

Margar af niðurstöðum Ehrmanns koma þeim ekki á óvart sem gluggað hafa í ritunarsögu Nýja



SIGURÐUR PÁLSSON

Í DAG | Biblíufræði

testamentisins. Það kemur heldur ekki á óvart að fræðimenn dragi ólíkar ályktanir af niðurstöðum sínum. Þess vegna er hægt að finna virta vísindamenn sem komast að hliðstæðum niðurstöðum en draga af þeim ólíkar ályktanir. Menn eru nefnilega á hálum ís, sem erfitt getur verið að fóta sig á, þegar ályktanir eru dregnar af líkum, að ekki sé talað um ályktanir sem dregnar eru af týndum heimildum. Ályktanir fræðimanna, sagnfræð- inga sem annarra, eru yfirleitt túlkun á niðurstöðum. Í sagnfræði er þessi túlkun m.a. fengin með hjálp túlkunarfræðanna, auk þess sem forsendur sem menn gefa sér og jafnvel lífsviðhorf rannsakandans geta haft áhrif. Það er eðli vísindanna að takast á um álitamál til að komast nær sannleikanum. Þetta veit vísindasagnfræðingurinn að sjálfsögðu.

Sama gildir um framlag hins merka guðfræðings og mannvinar Alberts Schweitzers. Hann uppgötvaði ekki fyrstur heimsslita- þáttinn í kenningu Jesú, enda hefur kirkjan aldrei þagað um hann. Schweitzer rannsaðaði hins vegar þennan þátt sérstaklega og varpaði nýju ljósi á sumt og vakti það athygli fyrir einni öld. Þær víðtæku ályktanir sem hann dró af niðurstöðum sínum eru hins vegar umdeildar.

Sjálfur hef ég kosið að draga þá ályktun af niðurstöðum textafræð- anna að grundvallarvitnisburður Nýja testamentisins sé í hæsta máta trúverðugur, vegna þess að

þrátt fyrir margvíslegar uppgötv- anir textafræðanna á textaafbrigð- um, hafa þær ekki haggað grundvallaratriðum kristinnar trúar. Ég er þar í félagsskap mér lærðari manna.

Samsæri kristinna kennimanna

Tílefni greinar Steindórs virðist þó ekki fyrst og fremst vera áhugi á textasögu Nýja testamentisins heldur ákafi hans að sýna fram á að kristin trú og boðun kirkjunnar hafi frá örfóti alda verið byggð á vísvitandi blekkingum. Þær leynast víða samsæriskenningarnar. Hvers vegna er ekki hægt að álykta sem svo að mönnum í frumkirkjunni hafi verið í mun að varðveita boðskap frumvotta kristinnar trúar eins vel og kostur var? Gerir það niðurstöðurnar ótrúverðugri að deilt hafi verið um leiðir til þess? Bendir reglan sem menn settu sér þegar ritin voru valin í Nýja testamentið á 4. öld ekki einmitt til vilja til að hafa það heldur er sannara reynist, þ.e. sú regla að velja eingöngu rit sem postuli hefði ritað eða postula- lærisveinn, eða rit sem verið hefðu í notkun í söfnuði sem postuli hefði stofnað?

Það er dapurlegt að menn skuli þurfa að tala um kristna kenni- menn sem blekkingasmiði „sem er í mun að viðhalda sýndarmynd- inni sem kirkjan hefur í gegnum aldirnar dregið upp til að viðhalda kristinni trú“, eins og Steindór kemst að orði. Það er dapurlegt að menn sjái sig tilneydda að tala um kristinn almenning sem einhvers konar fáfróða, jarmandi sauði sem sneyddir eru allri gagnrýn- inni hugsun og láti flíflast af kenningum blekkingasmiða. Einhvern veginn finnst manni bágt ef menn þarfnast slíkra viðhorfa til að verja sína eigin guðlausu trúarsannfæringu.

Höfundur er fyrrverandi sóknar- prestur í Hallgrímskirkju.

Öfgalaus stefna í málefnum Palestínu

UMRÆÐAN

Palestína

Þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, kynnti á Alþingi í vor þá fyrirætlun sína að fara til Palestínu til að kynna sér stöðu mála þar frá fyrstu hendi kallaði Staksteinar Morgunblaðsins það barnaskap. Í heimsókninni var áhersla lögð á að íslenski utanríkisráðherrann væri kominn til að hlusta og til að kynnað aðstæðum og veruleika venjulegs fólks. Þess vegna ræddi hún við fjölda fólks beggja þjóða. Þegar þessari vel heppnuðu heimsókn er lokið vænir þingflokksform- aður VG utanríkisráðherra um að ganga erinda Bandaríkjastjórnar. Þannig hittast þeir Staksteinar og Ögmundur í ástríku faðmlagi um svarthvíta heimsmynd fortíðarinnar.

Fátt er fjær sanni en að heimsókn þessi hafi verið innan ramma utanríkisstefnu Bandaríkjastjórnar. Íslandi er einmitt tekið vel á svæðinu því Íslendingar hafa ekki stórveldishagmuni að verja. Það er sér- kennilegt að sjá Ögmund taka sér stöðu sem blaða- fulltrúa Hamas, þegar viðleitni stuðningsríkja Palestínumannna um heim allan er að stuðla að ein-



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

ingu Palestínumannna. Innra stríð milli Pal- estínumannna á Gaza fyrir þremur vikum var harmleikur á harmleik ofan.

Utanríkisráðherra taldi í vor eðlilegt að Íslendingar fylgdu í fótspor Norðmanna og þróðu samskipti við þjóðstjórn Palestínu. Það er hryggileg staðreynd að einangrun þjóðstjórnarinnar á Vesturlöndum var lík- lega afdrifarík mistök. Síðan hafa Hamas- liðar tekið stjórn á Gaza með vopnavaldi og gengið úr þjóðstjórninni. Við þessar aðstæð- ur er óhugsandi að utanríkisráðherra við- urkenni í reynd vopnað valdarán með því að funda með Hamas. Það gera Norðmenn heldur ekki. Hamas verða að ákveða hvort samtökin eru stjórn málasamtök sem vinna á friðsamlegum og lýð- ræðislegum forsendum eða öfgasamtök íslamista sem stefna að eilífum hernaði gegn Ísraelsríki.

Eitt er þó ljóst. Utanríkisráðherra hefur sýnt frumkvæði að stefnumörkun á sviði utanríkismála sem er máluð í fleiri litum en svörtum og hvítum. Það er svo undir þeim fóstbræðrum Ögmundi og Staksteinari komið hvort þeir ætla að vera með í því verki eða ekki.

Höfundur er varaformaður utanríkismálanefndar Alþingis.

A yellow and black Ford Mustang Macho II, a classic muscle car. It features a prominent black hood scoop and a black racing stripe running down the side. The car is shown from a front-three-quarter view, highlighting its aggressive design and large wheels.

allt



opið
10-21 virka daga
10-18 laugardagar
13-17 sunnudaga

A dark blue sedan, likely a Chevrolet Cruze, is parked in a lot. It is a four-door model with a sleek design. The car is positioned in the foreground, angled slightly towards the right. In the background, other vehicles and a building are visible, though out of focus.

Bmw 745. Árg 01/2002.
Einn 158 þús. Sjálfsk.

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesio

- Mest lesiõ



Þjappaði fjölskyldunni betur saman

Fyrir tæpu ari tóku hjónin Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir og Björgvin Sigurðsson aðfráfirka ákvörðun um að flytja til Rómars á Ítalíu, ásamt börnum sínum tveimur, Þorgils Birni, 9 ára, og Margréti, 6 ára. Þau iðrast þess ekki og segir Bjarnheiður dvölina hafa þjappað fjölskyldunni betur saman.

„Evinýtraþráin hafði lengi blundað í okkur hjónunum og við gripum því tækifæri þegar Björgvin bauðst vinna hjá matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna í Róm,“ segir Bjarnheiður, sem er hjúkrunarfræðingur, en tók sér launalaust leyfi til að hugsa um heimilið og segist hafa haft nóg að gera.

„Í fyrsta lagi þurftu krakkarnir ofboðslega á mér að halda til að byrja með,“ segir hún. „Þau fóru náttúrulega aldrei ein út þar sem Róm er stórborg og áttu enga vini í byrjun. Við vorum því í fullu starfi við að finna hentug leiksvæði, svo þau hefðu eitt-

Að sögn Bjarnheiðar þurfti fjölskyldan tíma til að venjast breyttum aðstæðum, meðal annars tileinka sér ítölskuna sem þau töluðu ekki stakt orð í fyrir komuna. „Við töluðum enga ítölsku í byrjun og Ítalirnir litla sem enga ensku. Svo kom þetta smám saman og Þorgils er orðinn mjög flinkur í ítölskunni.“

Tungumálaörðugleikar komu þó ekki í veg fyrir að fjölskyldan ætti gæfurík samskipti við Ítali og ber Bjarnheiður þeim góða sögu. Segir þá opna og vingjarnlega þjóð. Hún segist ánægð með dvölina þar ytra og gæti alveg hugsað sér að flytja aftur til Rómar þar sem borgin tugi sterkt í hana.

roald@frettabladid.is

Húsgagna Lagersala

Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar sófaborð, borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, stólar, garðhúsgögn og fleira.



BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leiðið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Vinnuvélaeigendur! Veljið réttu dekkin undir vélarnar

GALAXY

Prautreynd vinnuvéladekk
fyrir flestar gerðir vinnuvéla.

“TRAUST vara
á góðu verði“

Iðnaðarmynstur fyrir
Traktorsgröfur og
Skotbómulyftara

Afturdekk - felgustærðir
24 - 28 tommur.

Framdekk - felgustærðir
18 og 20 tommur

Flestar stærðir til á lager!



Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Hreinn bíll er ánægður bíll

CLEAN PLUS[®]
AUTOCARE PRO



Dú færð Clean Plus bílahreinsivörurnar
á næstu Shellstöð

Made to move



Steingeitur valda slysum

NORSKT TRYGGINGAFÉLAG RANN-
SAKAR STJÖRNUMERKI.

Norskt tryggingafélag hefur látið skoða í hvaða stjörnumerkjum ökumenn eru sem lent hafa í umferðaróhöppum. Rannsóknin náði til fleiri þúsund tjóna undanfarin sjö ár. Kannaður var aldur ökumanna, búseta og fleira en afmælisdagur voru settir inn til gamans í byrjun. Þá kom í ljós greinileg fylgni milli tjóna og þeirra stjörnumerkja sem ökumenn höfðu fæðst í. Til dæmis er steingeitin 2,5 prósent líklegri til að valda slysum en aðrir. Stjörnuspekingar voru hissa á þessari niðurstöðu enda töldu þeir líklegra að hrútar væru slysaavaldar. Fólk fætt í steingeitarmerkinu væri yfirleitt varfærri og gerði sér far um að fara að lögum og reglum. Þó má leiða líkur að því að varfærnin orsakaði það að fólk í steingeit væri of lengi að hugsa sig um og lenti þess vegna í slysum. Frétt af www.fib.is.



„Akureyringar eru náttúrulega þekktir fyrir að þrifa bílana sína mikið,“ segir Haukur brosandí. Fréttablaðið/heiða.is

Frítt á fyrsta degi

Haukur Bergmann opnar
sjálfsafgreiðslubílavottastöð
á Akureyri.

„Þetta er nýjung fyrir norðanmenn og klárlega þjónusta sem vantaði í bæinn,“ segir Haukur Bergmann Gunnarsson, eigandi sjálfsafgreiðsluvottastöðinnar Gljáans á Akureyri en stöðin verður sú fyrsta sinnar tegundar á Akureyri þegar hún opnar á morgun, fimmtudag. Haukur segist þegar hafa fundið fyrir miklum áhuga og er fullur eftirvæntingar. „Það eru allir mjög jákvæðir fyrir þessu og sammála um að þetta hafi verið eitthvað sem okkur vantaði. Akureyringar eru nátt-

úrulega þekktir fyrir að þrifa bílana sína mikið,“ segir Haukur brosandí.

Borgað er í sjálfsala með klinki eða korti og fer tíminn eftir upphæðinni. „Við verðum með opið allan sólarhringinn allt árið um kring svo hægt verður að þvo bílinn jafnvel í frosti og snjókomu,“ segir Haukur en formlegur opnunardagur verður á morgun og af því tilefni verður frítt í stöðina milli 12 og 16. „Við verðum á staðnum til að leiðbeina og hjálpa fólki. Það getur tekið smá stund að átta sig á þjónustunni og því um að gera að nýta opnunartilboðið svo þú sért sneggrí næst þegar þú þarft að borga. Þá færðu meira fyrir peninginn.“ indiana@frettabladi.

Alonso og Hamilton keppa í eimbaði

Í einkasölu falleg og vel skipulögð íbúð á 2. hæð í mjög góðu fjölbýli í Breiðholtiinu. **Eldhús nýlega endurnýjað.** Íbúðin er 95 fm auk þvottahúss í kjallara. stutt í skóla og leikskóla. **Verð 19,9 millj.**

Elías Magnússon á bjöllu - íbúð 0203.

TRÆÐARBERG 5 - HAFNARFIRÐI



Vorum að fá í einkasölu mjög góða, 120 fm íbúð á frábærum stað í Setberginu. Gott skipulag á íbúð. Örstutt í skóla, leikskóla og verslun. **Verð 26,9 millj.**

Ásta Eyjólfssdóttir á bjöllu - íbúð 0102.

SKJÖLDUR EYFJÖRD FANNARSSON ER
29 ÁRA Í DAG

„Ég hef lært að það þarf ekki skurðaðgerðir eða vesen til að láta fólk líta stórvel út.“

Hinn vinsæli stílisti og hárgreiðslu-
maður, Skjöldur Eyfjörð, hefur
meðal annars unnið með Silvíu
Nótt og Hara söngflokknum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 25. JÚLÍ 2000

Flugslys í Frakklandi

Á þessum degi árið 2000 hrapaði Concorde-vél frá Air France til jarðar í Frakklandi með þeim afleiðingum að 113 manns fórust.

Í flugtaki ók vélin yfir málmstöng sem sprengdi dekk vélarinnar. Stór bútur úr dekkinu skaut við það í væng vélarinnar og gat kom á eldsneytistankinn. Eldsneytið lak úr tanknum og eldur kviknaði í vængnum. Of seint var að hætta við flugtakið svo áhöfnin slökkti á hreyfli tvö og reyndi flugtak. Vélina náði ekki klífi á þremur hreyflum og eldurinn olli meiri skaða á vængnum þannig að einnig slökknadi á hreyfli eitt. Vængurinn var þá orðinn afslaus og vélin tók að halla. Til að rétta vélinu af minnkaði áhöfnin aflið á vélum þrjú og fjögur en missti við það alla stjórn á vélinni, sem hrapaði og brotlenti á Les Relais Bleus hótlinu í grennd við flugvöllinn.

Í vélinni voru hundrað farþegar sem voru á leið til New York-borgar um borð í skemmtiferða-



ENDALOK CONCORDE Á annað hundrað manns létust þegar Concorde-vél Air France hrapaði skömmu eftir flugtak í Frakklandi.

skip. Þeir létust allir, auk níu manna áhafnar og fjögurra á jörðu niðri.

Fram að þessu slysi hafði Concorde verið álitin öruggasta farþegavél heims. Slysíð markaði upphafið að hruni Concorde-vélanna, sem voru eftir þetta taldar hættulegar og farþegar völdu aðrar leiðir til að ferðast.

MERKISATBURÐIR

- 1542 Fimmta kona Hinriks áttunda Englandskonungs, Catherine Howard, er hálshöggvin.
- 1693 Heklugos hefst og stendur fram á haust. Það olli miklu tjóni.
- 1942 Átján breskir hermenn drukkna á Hrutafirði þegar tveir prammar sökkva.
- 1982 Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar er formlega tekin í notkun.
- 1983 Loftsteinn fellur í sjóinn austur af landinu á níunda tímanum um kvöldið.
- 1984 Konstantín Tsjernenko er kosinn leiðtogi sovéska kommúnistaflokksins eftir dauða Júsris Andropov.

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR: FIMMTUG Í DAG

Maður skilur samt ósköp fátt

„Ég skil bara ekki hvernig þetta gat gerst,“ segir Kolbrún Bergþórsdóttir hlæjandi þegar fimmtugsafmælið er nefnt. „Þetta kom mér alveg í opna skjöldu. Ég hef alltaf haldið að maður ætti að verða svo vitur og yfirvegaður og hafa skilning á öllu þegar maður kemst á þennan aldur en svo kemur í ljós að maður skilur ósköp fátt,“ bætir hún við.

Kolbrún segir að þrátt fyrir að vera skelfingu lostin sé hún alveg ákveðin í því að eyða seinni hluta ævinnar betur en þeim fyrri. „Mér hefur verið sagt af konu sem sér í gegnum holt og hæðir að ég muni ná níræðisaldri. Allt sem hún hefur sagt fram að þessu hefur staðist þannig að ég á nógan tíma eftir,“ segir Kolbrún full af jákvæðni.

Spurð hvernig hún ætli að eyða afmælisdeginum segir Kolbrún: „Samkvæmt plani átti ég að vera í fríu þessa viku en ég breytti planinu. Ég er bara þannig gerð að mér fannst eitthvað óeðlilegt við að ég væri í fríu á afmælinu mínu af því mér finnst gaman að vinna og vinnan hefur alltaf skipt mig máli. Þess vegna fannst mér ómögulegt að eyða fimmtugsafmælisdeginum mínum í að gera ekki neitt. Það bara fannst mér ekki passa.“ Þótt hún verði í vinnunni í dag stefnir Kolbrún þó að því að fá sér eitthvað gott að borða í hádeginu og dekra aðeins við sjálfa sig. „Svo fæ ég mér kannski tvö til þrjú rauðvínsglós í kvöld,“ segir hún og hlær en veisluna ætlar hún að halda síðar.

„Það var alveg frábært þegar ég varð fertug,“ segir Kolbrún, spurð um besta afmælisdaginn sinn. „Það var svo skemmtileg veisla með afskaplega skemmtilegu fólki og var skemmtilegasta afmæli sem ég hef átt. Jón Baldvin hélt ræðu og Hallgrímur Helgason flutti ljóðabálk sem hann samdi sérstaklega um mig. Það er voðalega gaman þegar það er samið um mann ljóð og sérstaklega af alvöru skáldum,“ segir Kolbrún.

sigridurh@frettabladid.is



DEKUR Á AFMÆLISDAGINN Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður ætlar að fá sér góðan mat í hádeginu og tvö til þrjú rauðvínsglós í kvöld í tilefni af afmælinu.



Okkar ástkæra,

Sigfríður Eiríksdóttir

Útgarði 7, Egilsstöðum,

lést sunnudaginn 22. júlí 2007 á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Björn Garðarsson

Eiríkur Björnsson

Kristín Björnsdóttir

Guðbjörg Friðriksdóttir

Hjörtur Friðriksson

Lena Reynisdóttir

Björn Guðmundsson

Haukur Stefánsson

Hulda Jakobsdóttir

og aðrir aðstandendur.



Eiginmaður minn og faðir okkar,

Sigurður Guðni Björnsson

frá Viðey,

lést á Landspítalanum þann 22. júlí.

Randíður Vigfúsdóttir

Helga Sigurðardóttir

Björn Ingi Sigurðsson

Vigfús Sigurðsson

Mark Duffield

Pór Sigurðsson

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tendamóðir og amma,**Jóna Friðfinnsdóttir**

Kristnibraut 6, Reykjavík,

sem lést á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 18. júlí síðastliðinn, verður jarðsungen frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. júlí klukkan 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Jóhannes B. Long

Berglind Long

Íris Long

Helen Long

og barnabörn.

Guðmundur Guðjónsson

Jón Ingi Hilmarsson

Rúnar
GeimundssonSigurður
RúnarssonEllis
RúnarssonÞorbergur
Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

**Guðbjörg Ásmundsdóttir**Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, áður
Borgarbraut 45,

sem lést fimmtudaginn 19. júlí, verður jarðsungen frá Borgarneskirkju laugardaginn 28. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

Sólveig Ólafsdóttir

Þórður Ólafsson

Jón R. Rósant

Ásmundur Ólafsson

Brynja Ólafsdóttir

Einar Ólafsson

Ólafur Ingi Ólafsson

Ragnheiður Ólafsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Hólmfríður Ólafsdóttir

og fjölskyldur.

*Fallegir legsteinar
á góðu verði*

Englasteinar
Hellastræmi 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



40 ára afmæli

**Snorri
Sigurfinnsson**

Hlaðavöllum 12, Selfossi,

er fertugur í dag.



EAS

Þorvaldur Þórsson - Hátindahöfðinginn*

"Þegar markmiðin eru stór þarf undirstaðan að vera rétt.
EAS vörur uppfylla kröfur mínar um árangursríka næringu."

*Þorvaldur varður íslenskur ísl- og hófu að sjá það markmið að stjórta 100 kentu ísl-lands í útlitshæð.

Í pokahorni Hátindahöfðingjans

EAS Máltíðarstöng

Þetta er náttúruleg og eðlileg ísl-þögn.



Máltíð full af fyrsta flokks næringarefnum
15 gr. hágæða prótein
Orkuskið kolvetni og trefjar
20 vítamín og steinefni
Engar transfettir, 150 hitaeiningar

EAS Máltíðardrykkur

Uppfylling og full máltíð í öllum bekkjum.





Holl og góð máltíð í drykkjarformi
25 gr. hágæða prótein
Orkuskið kolvetni og trefjar
Fjöldi vítamína og steinefna
Aðains 1 gr. sykur, 207 hitaeiningar

EAS vörur fáast m.a. hjá:



nettó



Nánari upplýsingar um EAS heiluvörur fáast í síma 5552868 eða á www.eas.is.


LANDNÁMS-
SETUR
ÍSLANDS

MR. SKALLAGRÍMSSON

- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

HEYR
HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt
í greiðslu heyrnartækja.



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyarnarstodin.is
Tímamantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 6811

THE SIMPSONS

STÓRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA
ALLRA TÍMA LOKSINS Í BIÓ!

MOVIE



11.
HVER
VINNUR!



**HEIMSFRRUMSÝND MED
ÍSLENSKU OG ENSKU TALU 27. JÚLÍ**
**SENDU SMS JA SMF Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA**
VÍNNINGAR ERU BIÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

Vínningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb 99 kr/skýtið.

STUÐ MILLI STRÍÐA Ný vinabók óskast

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÞJÁIST AF SKORTI Á UPPÁHÖLDUM



Um daginn var ég stödd í matarboði þar sem gestum var falið það verkefni að telja upp nokkra uppáhaldshluti sína. Þar var ekki átt við efnislega hluti, heldur tónlist, bók, kvikmynd og orð, svo eitthvað sé nefnt. Þetta olli mér heilmiklum heilabrotum. Þegar ég fór úr matarboðinu, með brotinn heila, hafði ég ekki enn komist að niðurstöðu. Skömmu síðar datt ég inn á sjónvarpsstöð þar sem verið var að sýna brot úr þáttunum The Newlywed Game, sem hófu göngu sína á sjöunda áratugnum í Bandaríkj-

unum. Þar svara þör spurningum
maka sinn. Til að fyrirbyggja að
ég stæði á gati ef ég lenti í þeim
aðstæðum (þó að nú eigi ég erfitt
með að muna af hverju ég hélt
að ég myndi lenda í fjórutju ára
gömlum þætti) tók ég stöðutekni
á sambylingnum: upphaldsdlitur,
matur og þar fram eftir götunum.
Þegar spurningarnar beindust að
mér gat ég ekki lengur svarað.

Ég hef uppgötvað að ég virðist ekki lengur eiga mér neitt upphálds. Ef mér væri gert að fylla út síðu í bekkjarfélagabókunum gömlu, sem gengu alltaf um skólastofuna í nestistímum, gæti ég mögulega skrifað niður afmælisdaginn minn og nöfn foreldra. Hitt yrði tóm.

Kannski ætti ég ekkert að kvarta um uppáhaldsleysi. Ég man að minnsta kosti að það þjakaði mig dálítið hérna í dæni. Ég fékk alltaf samviskubít gagnvart böngsunum sem voru ekki uppáhalds, svo oftan en ekki enduðu þeir allir uppi í rúmi hjá mér. En æfingin skapar meistarann, og ég sé að ég þarf að fara að leita þessar ótrúlega fyndnu bekkjarvinabækur uppi á ný. Þó að það sé erfiðara en að segja það að kryna einhvern matarrétt eða grýnadisk uppáhaldsskrónni. Ætli ég neyðist bara ekki til búa til einhvers konar skema þar sem orðin angurværð, dala-læða og þella geta skipt með sér uppáhaldshásætinu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





GEFUR ÚT PLÖTU Gunnar Ó. Kvaran gaf nýverið út sína fyrstu plötu eftir að hafa starfað við tónlist í um fjörutíu ár. Meðal annars lék hann í hljómsveitinni Örnurum sem lék fyrir dansi í Glaumbæ og í hljómsveit kenndri við hann sjálfan í Sigtúni við Austurvöll.

Barnabarnið samdi texta

Gunnar Ó. Kvaran gaf á dögunum út sinn fyrsta geisladisk, Sælureit. Uppistaðan eru frumsamin lög eftir Gunnar sem hann syngur og leikur undir á harmonikkunni.

„Barnabarnið mitt, hún Unnur Líf Kvaran sem er tólf ára á einn texta sem mér þykir afskaplega vænt um,“ segir Gunnar Ó. Kvaran sem gaf nýverið út geislaplötuna Sælureit. „Það kom þannig til að hún vann til verðlauna í skólanum sínum fyrir ljóð sem hún samdi. Þegar ég heyrði ljóðið stóðst ég ekki mátið og samdi smá lag við það.“ Þetta er fyrsta platan sem Gunnar gefur út. Hann er orðinn sextugur og fannst kominn tími til að gefa tónlistina sína út fyrst hann átti hana í handraðanum. Á plötnu eru níu frumsamin lög eftir Gunnar við texta eftir Bjarna Jóns-

son fyrir utan fyrrgreint ljóð Unnar, barnabarns Gunnars. Auk þeirrra eru fjögur lög eftir aðra. Þó að þetta sé fyrsta platan sem Gunnar gefur út hefur hann starfað við tónlist í um fjörutíu ár. „Ég hef verið að spila alla ævi. Ég spilaði meðal annars með Örnurum á Glaumbæ og í Sigtúni við Austurvöll. Þar var ég með hljómsveit sem var kennd við mig.“ Gunnar syngur þau lög sem eru sungin á disknum og leikur undir á harmonikkunni. Hann segir þó að þetta sé ekki hefðbundin harmonikkutónlist. Auk nikkunnar er leikið á ýmis önnur hljófæri auk þess sem Gunnar vann með tölvuhljóð. Gunnari Ó. Kvaran er oft ruglað saman við nafna hans og frænda, Gunnar Kvaran sellóleikara. „Við erum orðnir alltof margir með þetta nafn, sjö eða átta. Þess vegna auðkenni ég mig með Ó-inu. Annars nota ég aldrei millinafnið.“

jara@frettabladid.is



KATI DEBRETZENI Heldur stórtónleika í Skálholtskirkju í kvöld.

Stórtónleikar í Skálholtskirkju

Barokkfiðluleikarinn Kati Debretzeni heldur stórtónleika í Skálholtskirkju í kvöld klukkan átta. Bachsveitin í Skálholti leikur prógramm tileinkað tónskáldinu Domenico Scarlatti undir stjórn Kati sem hefur hlotið mikla athygli fyrir túlkun sína á barokktónlist. Liðin eru 250 ár frá andláti Scarlattis og mun Bach-sveitin halda upp á það í kvöld með efnisskrá helgaðri verk-

um hans og föður hans, Alessandros. Kati verður einungis stödd á Íslandi í fáeina daga en að loknum tónleikunum heldur hún í tónleikaferðalag um Evrópu ásamt hinum margrómaða Sir John Eliot Gardiner, English Baroque Soloists og Montiverdi-kórnum og munu þau flytja ýmis verk eftir Bach-fjölskylduna.

- bor

Skattalækkanir til kjarabóta

Ráðstefna Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands með Nóbelsverðlaunahafanum Edward C. Prescott í Þjóðminjasafninu fimmtudaginn 26. júlí kl. 16.00



Pierre Bessard



Björgvin G. Sigurðsson



Daniel Mithcell



Geir H. Haarde



Edward C. Prescott

Hvaða áhrif hafa skattalækkanir á verðmætasköpun þjóðarinnar?

Getur Ísland orðið fjármálamiðstöð með því að lækka skatta á fyrirtæki?

Hversu mikið geta kjör almennings batnað með skattalækkunum?

Hver var reynslan af skattalækkunum á Íslandi 1991-2007?



Dagskrá:
Geir H. Haarde forsætisráðherra: *Setningarávarp*
Edward C. Prescott, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði: *Labor and Taxes*
Dr. Daniel Mitchell: *The Nordic Tiger—Iceland*
Pierre Bessard: *Tax Competition—The Swiss Example*
Jón Þór Sturluson og Birgir Þór Runólfsson: *Umsagnir*
Spurningar og svör
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra: *Lokaorð*

Öllum opin – ókeypis aðgangur
Nánari upplýsingar: www.skattamal.is



TJALDÚTSALA

HAWK 5

10.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ 2 stólar og dýna
5 manna tjald



SALA 4

10.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ 2 dýnur og skjóltjald
4 manna tjald



CORDOBA 5

6.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ gaslukt og dýna
5 manna tjald



2. manna tjöld
frá kr. 4.995
FYRSTIR KOMA,
FYRSTIR FÁ



Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • www.alparnir.is

Rafstöðvar

Bensín- og díselrafstöðvar
í stærðum 2,5 kW -4,2 kW.
HAGSTÆTT VERÐ



ARMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

VISSIR PÚ?

Árið 2006 var metár hvað varðar ölvunarakstur meðal stjarnanna í Hollywood en árið 2007 virðist ekki ætla að verða „síðra“. Vinkonur Lindsay, þær Paris Hilton og Nicole Richie, voru báðar gómaðar í ár auk leikaranna Rays Liotta og Vivicu A. Fox. Hafnaboltamaðurinn Tony Larussa féll í sömu gryfju sem og rúgbístjarnan Warren Moon.

fólk

folk@frettabladid.is



Lindsay aftur ölvuð undir stýri

Leikkonan Lindsay Lohan á ekki sjö dagana sæla þessa dagana. Hún var handtekin fyrir ölvunarakstur í maí síðastliðnum eftir að hún lenti í árekstri á blæjubílnum sínum. Hún fór í áfengis- og fíkniefnameðferð í kjölfarið, þaðan sem hún var send heim fyrir skemmstu. Nú hefur sagan endurtekið sig því Lohan var handtekin í Santa Monica fyrir ölvunarakstur snemma í gærmorgun, aðeins ellefu dögum eftir að hún lauk meðferðinni sem stóð í sex vikur.

Lohan fagnaði 21 árs afmælisdegi sínum innan veggja meðferðarheimilisins en í vikunni bárust fréttir af því að hún hefði blandað vodka út í orkudrykkinn sinn þegar enginn sá til. Samkvæmt lögum í Bandaríkjunum er einstaklingum undir 21 árs aldri óheimilt að neyta



HANDTEKIN Þessi mynd var tekin af Lohan á lögreglustöðinni eftir að hún hafði verið handtekin öðru sinni fyrir að aka bíl undir áhrifum.



áfengis. Það gerir það að verkum að hún braut þá að minnsta kosti ekki lög með drykkjunni í þetta skiptið.

Sagan segir að leikkonan hafi einnig haft kókaín í fórum sínum á þriðjudag og að áfengismagnið í blóði hennar hafi verið rúmum þriðjungu hærra en leyfilegt er. Henni var þó sleppt gegn 25.000 dollara tryggingu sem jafngildir 1,5 milljónum íslenskra króna.

LINDSAY LOHAN Leikkonan lauk áfengis- og fíkniefnameðferð aðeins ellefu dögum áður en hún var tekin fyrir ölvunarakstur. Sagan segja að kókaín hafi fundist í fórum hennar.

Veislusetrið



Fundaaðstaða
Smáréttahlaðborð
Konfektökukur
Smurt brauð

Veislupjónusta
Veistusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102



ALEX ANDERSON Plötusnúðurinn Alex Anderson þeytir skífum hér á landi um verslunarmannahelgina.

Alex þeytir skífum

Plötusnúðurinn Alex Anderson kemur fram á klúbbkvöldum Flex Music á Akureyri og í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Anderson, sem er þekktur fyrir fjölbreytilegan stíl sinn, hefur farið á kostum á nokkrum af stærstu klúbbum heims í Bandaríkjunum, Asú og á Ibiza. Einnig hefur hann verið plötusnúður á helstu klúbbunum í London.

Anderson spilar í Sjallanum 3. ágúst og kvöldið eftir á Nasa. Engin forsalela verður á aðgöngu-miðum heldur verða miðar eingöngu seldir við innganginn. Miðaverð er 1.500 krónur.

Garðar bauð í partí í London

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær bauð Garðar Thór Cortes til veislu á veitingastaðnum Vanilla í Lúndúnaborg í gær í tilefni af útkomu nýrrar smáskífu. Um er að ræða endurgerð á gamla A-Ha laginu Hunting High And Low en smáskífunni er ætlað að koma stóru plötu Garðars aftur í toppsæti klassíska listans í Bretlandi.

Ýmis þekkt andlit úr skemmtanálífi borgarinnar litu við og ber þar helst að nefna tiskuhönnuðinn Karen Millen. Auk þess var Jenny Frost, meðlimur stúlkna-sveitarinnar Atomic Kitten, á svæðinu en hún tilkynnti í mars síðastliðnum að hún ætti von á sínu fyrsta barni.



Danska fyrirsætan Anine Bing lét mynda sig með íslenska tenórnum en hún er einna þekktust fyrir að hafa verið með leikaranum Jim Carrey. Anine sat einnig fyrir í auglýsingu fyrir Ellesse sem var tekin úr umferð eftir að ökumenn kvörtuðu undan því að kynþokki stúlkunnar truflaði einbeitingu þeirra við akstur.



Vel fór á með tiskuhönnuðinum Karen Millen og Garðari Thór í veislunni en Millen hafði boðað komu sína fyrirfram og stóð við stóru orðin.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Garðar lék á als oddi í veislunni. Allur ágóði af sölu smáskífunnar rennur til samtaka fyrir heimilislausu í Bretlandi.

Fyrirsæturnar Charlotte Dutton og Lila létu sig ekki vanta.



Jenny Frost úr stúlkna-sveitinni Atomic Kitten mætti í veislu Garðars þótt hún sé gengin nokkra mánuði með sitt fyrsta barn.

Garðar Thór ásamt breska gamanleikaranum Brian Bovell.

2 fyrir 1 til Parísar í júlí og ágúst frá kr. 19.990

París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latinuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríkum mæli. Griptu tækifærið og bjóddu elskunni þinni til Parísar á frábærum kjörum. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval hótela í boði frá kr. 3.300 nóttin á mann í tvíbýli.

Kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 22., eða 29. júlí og 5. eða 12. ágúst í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.



Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranoa.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

Útsalan

síðustu dagar!

Allar útsöluvörur
250-2000 kr

Verðdæmi

UPPHAFLEGT VERÐ	ÚTSÖLUVERÐ
499 KR.	250 KR.
799 KR.	500 KR.
999-1.299 KR.	750 KR.
1.499-1.699 KR.	1.000 KR.
1.999-2.499 KR.	1.500 KR.
2.999-4.999 KR.	2.000 KR.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Benni svikinn um rútu

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm er þessa stundina á tónleikaferðlagi um Bandaríkin. Gengið hefur á ýmsu eins og við er að búast þegar ellefu manna sveit leggur land undir fót.

„Við erum búnir með svona meirihlutann af tónleikaferðalaginu okkar. Við byrjuðum í New York í byrjun mánaðarins en erum núna að slaka á í New Orleans,“ sagði Benni þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hljómsveitin hafði þá spilað á þrettán tónleikum frá fimmta júlí. Fyrstu tónleikarnir fóru fram í New York eins og áður segir en þeir fóru fram á staðnum Mercury Lounge, sem er einn þekktasti og svalasti tónleikastaður borgarinnar. Þaðan hefur leiðin legið í gegnum borgir á borð við Chicago, Minneapolis, San Francisco, Los Angeles og Houston.

Tónleikar Benna Hemm Hemm hafa verið mjög vel sóttir fyrir utan nokkar undantekningar. „Í Portland, þar sem The Polyphonic Spree voru að spila í næsta húsi, voru til dæmis ekki mjög margir. En í Seattle vorum við að spila á frábærum 400 manna stað sem var alveg pakkaður.“

Eftir tónleika sína í Los Angeles hélt hljómsveitin Black Lips eins



HELJARINNAR FERDALAG Benedikt Hermann Hermannsson, hljómsveitarstjóri Benna Hemm Hemm, hefur verið ásamt tíu öðrum meðlimum sveitarinnar á tónleikaferðalagi um þver og endilöng Bandaríkin þar sem skipst hafa á skin og skúrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

konar leynigigg sem fáir vissu af. Á heimasíðu Benna Hemm Hemm má lesa að þar hafi „einhver mjög fræg leikkona sem leikur í mjög frægum sjónvarpsþáttum“ verið í sleik við vinkonu sína á dansgólfinu. Benni vill þó ekkert fara nánar út í þá sálma.

Sveitin lenti líka í leiðinda atviki í byrjun ferðarinnar. Benni hafði verið búinn að bóka og borga rútu sem átti að hýsa sveitina og flytja út allan túrinn en þegar á hólminn

var komið var rútan ekki á staðnum og fyrirtækið sem Benni hafði skipt við reyndist ekki til. „Þetta var bara eins og í einhverjum lélegum krimmi. Við náðum samt að bjarga þessu fyrir horn og fengum nýja rútu með æðislegum bílstjóra þannig að okkur líður vel núna,“ útskýrir Benni og sér greinlega ekki eftir neinu. Nánar má lesa um ævintýri sveitarinnar á heimasíðunni bennihemmhemm.com.

steinthor@frettabladid.is

Vibskov trommar á Airwaves

Eflaust búast fæstir tónleikagestir Airwaves-hátíðarinnar við að sjá þekktan tískuhönnuð á einu sviðinu en sú verður nú samt raunin. Það er hann Henrik Vibskov, danski tískuhönnuðurinn, sem kemur fram ásamt danska tónlistarmanninum Trentemöller en Vibskov sér um trommuleik á tónleikunum.

Hönnuðurinn hefur í rauninni stundað trommuleik lengur en fatahönnun, en hann var einungis tíu ára þegar bróðir hans kenndi honum á trommur. Hann hefur leikið undir á alls tíu plötum með ýmsum tónlistarmönnum og nú síðast á plötu Trentemöllers, The Last Resort. Auk þess er



TRENTMÖLLER Danski tónlistarmaðurinn treður upp á Iceland Airwaves-hátíðinni.



Á LEIÐ TIL ÍSLANDS

Henrik Vibskov trommar með Trentemöller á Airwaves í haust en hann heimsótti landið einnig í fyrra. Hann er útskrifaður fatahönnuður frá Central Saint Martins í London og er þekktur fyrir litríka og hressandi hönnun.

hinn fjölhæfi Vibskov ágætur breikari og hefur unnið til verðlauna á því sviði. Hann hefur áður

komið til Íslands og nú síðast í fyrra þegar hann hélt listasýningu í versluninni KronKron en þar fást einnig fót eftir hann. Þá bjó þessi fjölhæfi listamaður til skemmtilegan skúlptúr úr bleikum kartöflum eins og sést á meðfylgjandi mynd.

NÝTT Í BÍÓ!

NÝJASTA MEISTARAVERK

QUENTIN TARANTINO'S

PESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÖFULLEGAN MANN!

★★★★★

"HELVÍTI FLOTTUR HÖLLUSTUEIDUR"

★★★★★

"GEGGJADURSTILL... STERK OG BRÁÐSKEMMTILEG...BARASTUÐ!"

KURT RUSSELL í

QUENTIN TARANTINO'S

"DEATH PROOF"

★★★★★

S.V.: MBL

16

LUXUS

HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX

10

EVAN ALMIGHTY

BYGGD Á SÖGU STEPHEN KING

16

NÚ VERÐUR ALLT GEFIÐ Í BOTN

TAXI

14

DIE HARD 4.0

YIPPEE KI YAY

14

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
HARRY POTTER	kl. 3-4-6-7-9-10	16 DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40
HARRY POTTER LUXUS	kl. 3-6-9	16 TAXI 4	kl. 6-8-10
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	10 DIE HARD 4.0	kl. 5.30 - 8 - 10.40
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	14 FANTASTIC FOUR 2	kl. 5.45 - 8 - 10.15
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3		

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919		ALEXANDRIA Sími 462 3500	
DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16 DEATH PROOF	kl. 8 - 10.15
1408	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16 1408	kl. 8 - 10
DIE HARD 4.0	kl. 5.15 - 8 - 10.45	12 EVAN ALMIGHTY	kl. 6
		DIE HARD 4.0	kl. 5.40

MÍÐASALA Á [midi.is](#) BÍÓ.is

SAM BÍÓINN

www.SAMbio.is 575 8900 [midi.is](#)

GEORGIA RULE

HARRY POTTER 5

HARRY POTTER 5

HARRY POTTER 5

EVAN ALMIGHTY

HARRY POTTER 5

HARRY POTTER 5

SHREK 3

SHREK 3

PIRATES 3

ÁLFABAKKA

GEORGIA RULES	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	7	BLIND DATING	kl. 8	10	
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10	10	SHREK 3	M/- ISL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8	10	SHREK 3	M/- ENSKU TAL	kl. 8 - 10:10	L
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8	10	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7	
EVAN ALMIGHTY	kl. 2 - 4 - 6	L				

AKUREYRI

GEORGIA RULES	kl. 8 - 10	7	
HARRY POTTER 5	kl. 6 - 9	10	
SHREK 3	M/- ISL TAL	kl. 6	L

KEFLAVÍK

HARRY POTTER 5	kl. 6 - 9	10	
SHREK 3	M/- ISL TAL	kl. 6	L
BLIND DATING	kl. 8	L	
DIE HARD 4	kl. 10	14	

VIP SALURINN ER BARA LUXUS

ER STADSETTUR Í SAMBIOGINN ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus

Nýasta meistaraverk

Quentin Tarantino's

"DEATH PROOF"

★★★★★

"HELVÍTI FLOTTUR HÖLLUSTUEIDUR"

★★★★★

"GEGGJADURSTILL... STERK OG BRÁÐSKEMMTILEG...BARASTUÐ!"

KURT RUSSELL í

QUENTIN TARANTINO'S

"DEATH PROOF"

★★★★★

S.V.: MBL

16

LUXUS

HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX

10

EVAN ALMIGHTY

BYGGD Á SÖGU STEPHEN KING

16

NÚ VERÐUR ALLT GEFIÐ Í BOTN

TAXI

14

DIE HARD 4.0

YIPPEE KI YAY

14

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	
DEATH PROOF	kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER 16
1408	kl. 8 og 10 16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4 og 6 L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10 14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45 L

[www.laugarasbio.is](#) - Miðasala á [midi.is](#)

vodafone

Hittu í mark

Meistaradeildarboltar á aðeins 990 kr. fyrir Og1 viðskiptavini.

Komdu við í næstu Vodafone verslun og nældu þér í gæðabolta. Almennt verð 1.990 kr.

Þú færð bestu kjörin með því að vera með allt hjá okkur í Og1.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Britney hrópar á hjálp í OK!

Britney Spears kom stórfurðulega fram í einkaviðtali við bandaríska blaðið OK! Magazine. Samkvæmt heimildum Tmz.com voru skapsveiflur stjörnnunnar jafnmargar og ferðir hennar á salernið. Hún ku hafa látið í ljós einhvers konar ofsóknaræði í viðtalinu, og óttaðist á tímabili að þakið myndi hrynja. Í myndatöku fyrir blaðið virtist Britney í litlu sambandi við raunveruleikann, og segir heimildamaðurinn að myndirn- ar séu svo slæmar, að væru þær birt- ar myndu þær „eyðileggja feril hennar“. Stjarnan ku hafa afþakkað hjálp hárgreiðslu- og fördunar- fagmanna sem OK! mætti með á stað- inn, og lét „druslulegar vinkonur sínar“ í staðinn sjá um fördun og stíliseringu, samkvæmt heimildar- manningnum. Þar að auki mun Britn- ey hafi notað fokdýran Chanel-kjól



til að hreinsa hundaskít af gólfinu, og þurrkað sér um hendur á mörg þúsund dala Gucci kjól. Að því er Tmz.com greindi frá á mánudaginn höfðu útgefendur OK! fundað til að ákveða hvort blaðið myndi greina frá raunveruleg- um atburðum, eða hagræða sannleikanum til að vernda poppprinsessuna. Í gær tilkynnti ritstjóri OK! blaðmanni Tmz.com að þegar blaðið kemur út, myndi það „segja sann- leikann“. Ritstjórinn sagði einnig að blaðið hefði varið „átakanlegum degi með Britney Spears“, og orðið vitni að „hrópi á hjálp sem muni fá á og hryggja lesendur“. Viðtalið mun birtast í næsta tölublaði OK!, sem kemur út á föstudaginn.

Í ANNARLEGU ÁSTANDI í einkaviðtali við OK! Magazine kom Britney Spears stórfurðulega fram. Viðtalið birtist á föstudag.

Alveg órafmagnað

Fransk-kanadíska hljómsveitin Chalk Joke og hin alíslenska Campfire Backtracks spila á tón- leikum á Kaffihúsinu Hljómalind í kvöld. Hljómsveitirnar spila báðar beiglaða þjóðlagatónlist eða Freaky Folk. „Pierre í Chalk Joke er fékk þá hugmynd að við héld- um saman tónleika þegar hann sá okkur spila á Airwaves í fyrra.“ segir Markús Bjarnason úr Camp- fire Backtracks. „Við völdum að spila á Hljómalind því staðurinn er nógu lítill til að bera alveg órafmagnaða tónleika.“

Pierre tók fyrir stuttu þátt í listahátíðinni Diónýsíu og stóð meðal annars fyrir stomp tónleik- um í kirkjunni á Borgarfirði



CHALK JOKE Pierre úr Chalk Joke við tækin og tólin sem stomphópurinn hans notaði á Borgarfirði eystri.

Eystri með fólki þaðan. Tónleik- arnir hefjast kl. 20 og er ókeypis inn.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kirsten Dunst dvelur mikið í London þessa dagana og er það sennilega út af nýja kærastanum, **Johnny Borrell**, enda er hann Lundúnabúi. Auk þess er hún við tækur á myndinni How To Lose Friends and Alienate People í ensku stórborginni á meðan Johnny er á tónleikaferðalagi. „Ég held hún hafi virkilega fallið fyrir London,“ sagði framleiðandi myndarinnar, **Toby Young**.



Söngkonan **Kelly Clarkson** segist einungis hafa kysst fimm stráka og er ekkert mikið fyrir kossaf lens. „Ég á ekki mjög auðvelt með að treysta fólki og er ekki mikið fyrir að kyssa ókunn- uga stráka. Mér finnst það of persónulegt og auk þess er ég hrædd um að fá frunsu!“ sagði söngkonan sem áður átti í ástarsambandi við **Graham Colton**.



Orðrómur var uppi nýlega um að **Jordan** og **Peter Andre** hefðu látið skíra nýfædda dóttur sína Bunny. Þótti mörgum það hrikalegt en nú hefur komið í ljós að Bunny var einungis gælunafn. Raunverulegt nafn stúlkubarnsins er Princess Tiaamii. „Katie var alltaf hrifin af Princess og ég líka en mig langaði að skíra í höfuðið á mæðrum okkar. Svo vaknaði ég einn morgun og datt í hug að blanda þeim saman!“ sagði Peter ánægður en mæður þeirra eru kallaðar Thea og Amy og verður Princess Tiaamii eflaust himin- lífandi með nafnið þegar hún er orðin fullvaxta kona.



Pete Doherty er aftur kominn í meðferð og hefur skráð sig inn á sömu með- ferðarstofnun og hann var á áður, en sú er stað- sett í Norður-Yorkshire. Það er ansi stutt síðan hann útskrifaði sig sjálf- ur af þessari stofnun og öll vandræðin með **Kate Moss** byrjuðu. „Pete hefur verið lagður inn á stofnunina og gengur mjög vel,“ sagði vinur hans en Doherty fer fyrir rétt í næsta mánuði vegna afbrota tengdum eiturlyfjum.



Faldo Series Iceland Championship

31. júlí – 1. ágúst 2007 Grafarholtsvelli



Faldo Series er unglingamót sem hófst að frumkvæði Nicks Faldo árið 1996 og er nú orðið aðalvettvangur fyrir unga afrekskyflinga í Bretlandi og Asíu. Margir af bestu áhuga- og atvinnumönnum dagsins í dag hafa keppt í mótariðinni og þeir sem skara fram úr hafa komist í Team Faldo, æfingahóp sem nýtur persónulegrar leiðsagnar Nick Faldo. Nú hefur Golfklúbbur Reykjavíkur samið við stjórnendur Faldo Series um að halda mótið næstu þrjú árin og er von Golfklúbbsins að Íslendingar geti átt fulltrúa í Team Faldo á komandi árum.

Leiknar verða 36 holur fyrir daginn og 18 þann seinni. Leikfyrirkomulag mótsins er högggleikur án forgjafar. Þeir sem hafa þátttökurétt eru kylfingar fæddir 1986 eða síðar með forgjafartakmörkun.

Flokkur	Fæðingarár	Teigur	Forgjafarlágmörk
21 árs og yngri bæði kyn	’86–’88	Hvítur/Blár	7
18 ára piltar	’89	Hvítur	8
17 ára piltar	’90	Hvítur	9
16 ára drengir	’91	Hvítur	10
15 ára og yngri drengir	’92	Hvítur	11
18 ára og yngri stúlkur	’89	Blár	15

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki en sigurvegarar í hverjum flokki taka þátt í: Faldo Series Grand Final sem fer fram í Bretlandi síðar á þessu ári.

Mótsgjald er 5.000 kr. Skráning er hafin í síma 585 0210 og lýkur fimmtudaginn 26. júlí kl. 16:00. Hámarksþátttaka eru 90 keppendur.

EKKI ER HÆGT AÐ SKRÁ SIG Á MÓTIÐ Á GOLF.IS.

Æfingahringir fyrir mótið eru frá þriðjudeginum 24. júlí til föstudagsins 27. júlí og þarf að panta rástíma á golf.is eða í síma 585 0210.



> Fær Óskar Örn tækifærið?

Óskar Örn Hauksson hefur ekki fengið mörg tækifæri með KR í Landsbankadeild karla í sumar og aðeins spilað í 143 mínútur af þeim 900 sem hafa verið í boði. KR mætir Breiðabliki í kvöld og nú er að sjá hvort þjálfarinn Teitur Þórðarson viti af afrekum Óskars gegn Blikum þegar hann spilaði með Grindavík í fyrra. Óskar Örn skoraði þá fjögur mörk í tveimur leikjum við Blika og öll voru þau af glæsilegri gerðinni. Þrjú þeirra komu með þrumuflegjum fyrir utan teig og það síðast skoraði hann eftir laglegan einleik. Samkvæmt þessari tölfraði ætti að vera tilvalið fyrir Teit að gefa Óskari tækifæri í kvöld.

sport
sport@frettabladid.is



EGGERT GUNNPÓR JÓNSSON HJÁ HEARTS: SPILAR GEGN BARCELONA Á LAUGARDAGINN


Fer af fullum krafti í návígi við Ronaldinho

Íslenski unglíngalandsliðsmaðurinn Eggert Gunnþór Jónsson verður í eldlinunni með liði sínu Hearts á laugardag þegar það tekur á móti stórlíði Barcelona í æfingaleik í Skotlandi. Spænska liðið mætir með allar sínar stórstjörnur í leikinn, sem háður verður á Murrayfield-leikvanginum í Edinborg, heimavelli skoska rúgbílandslíðsins. Búið er að selja um fimmtíu þúsund miða á leikinn.

„Barcelona er og hefur alltaf verið mitt lið svo að það er náttúrulega bara draumur að fá að spila á móti þessum körlum,” sagði Eggert við Fréttablaðið, en hann gerir fastlega ráð fyrir því að fá tækifæri í leiknum. Eggert hefur komið við sögu í þremur af fjórum leikjum Hearts á undirbúningstímabilinu til þessa og staðið sig með sóma. Eggert verður nítján ára í næsta mánuði en er þegar orðinn leikmaður aðalliðs Hearts, en með unglíngaliði félagsins spilar markvörðurinn Haraldur Björnsson.

„Það er kominn mikill fiðringur í hópinn og menn eru að

sjálfsögðu spenntir fyrir að mæta Barcelona. Við náum vonandi að stríða þeim eitthvað. Það er samt svekkjandi að Eiður Smári verði ekki með,” segir Eggert en sem kunnugt er fór íslenski landsliðsfyrirliðinn ekki með í Skotlandsferðina vegna hnémeiðsla. Eggert getur spilað jafnt í vörn og á miðju en hefur eingöngu spilað á miðjunni með Hearts á undirbúningstímabilinu. „Það er svo sem ágætt. Þá þarf maður ekki að vera að eltast við Henry og Eto'o. Ég hef lítið í þá á sprettinum,” segir Eggert og hlær en bætir við að það sé kannski lítið skárna að reyna að ná boltanum af Ronaldinho. „En við munum ekki gefa þessum stjörnu-nein gríð. Að sjálfsögðu ber ég virðingu fyrir þessum mönnum en þeir fá enga sérmeðferð – við munum mæta þeim af fullum krafti í návígjum. Maður verður samt að passa sig, það er ekki gott að vera maðurinn sem fótbraut Ronaldinho í æfingaleik.”



Gleðitíðindi fyrir KR-inga:

Darri áfram hjá KR næsta vetur

KÖRFUBOLTI Darri Hilmarsson, framherjinn ungi hjá KR, verður áfram í Vesturbænum á næsta tímabili. Darri hafði hug á því að reyna fyrir sér hjá háskóla í Bandaríkjunum en hefur nú ákveðið að stunda nám sitt í HR.

Þetta eru mikil gleðitíðindi fyrir lið KR því Darri hefur spilað stórt hlutverk í Frosta-skjólínu síðustu tvö ár og stóð sig afar vel í úrslitakeppninni á síðasta tímabili. Þá skoraði hann 7,3 stig að meðaltali í leik og hirti 3,4 fráköst. Þá var hann með 43 prósentu þriggja stiga nýtingu.

Darri er aðeins tvítugur að aldri og hefur leikið tuttugu leiki með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands og var enn fremur valinn sá leikmaður hjá KR sem sýndi mestar framfarir á síðasta tímabili.

- vig

Gunnar Heiðar orðaður við sölu frá Hannover:

Ég kem alveg af fjöllum

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson kannast ekkert við meintan áhuga þýska 1. deildarliðsins Borussia Mönchengladbach á sér. Kicker hélt því fram í gær að Gunnar væri orðinn ósáttur hjá Hannover en þrátt fyrir að viður-



GUNNAR Berst fyrir sæti sínu hjá Hannover. MYND/NEUPRESSE

kenna að tímarnir hafi verið erfiðir í byrjun horfir Gunnar björtum augum fram á veginn.

„Þetta hefur verið smá mótstaða frá fyrsta degi. Þjálfarinn sem keypti mig var rekin og ég þurfti því að sanna mig alveg upp á nýtt. Þá byrjaði meiðslasagan og ég átti því erfitt með að sýna mitt rétta andlit,” sagði Gunnar. Framherjinn hefur þó aldrei hugsað sér til hreyfings.

„Nei en ég skil þjálfarann að hafa keypt fleiri framherja til liðsins. Ég veit að ég er spurningarmerki í hans augum en ég er kominn í frábært form og vonandi held ég áfram að raða inn mörkum í Þýskalandi, hvort sem það verði hjá Hannover eða annars staðar,” sagði Gunnar Heiðar. Þjálfari liðsins hefur ekki enn rætt við hann um hlutverk hans á komandi tímabili.

- hþh



GRIMMIR FYLKISMENN Peter Gravesen átti einn sinn besta leik með Fylki í sumar gegn Val í gærkvöldi. Hér sést hann hafa betur í návígi við Baldur Aðalsteinsson, leikmann Vals.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engin svör Vals við stórleik Fylkis

Valsmenn hefðu getað hirt toppsætið af FH í Landsbankadeildinni gegn Fylki í gær en kolféllu á prófinu. Fylkismenn spiluðu frábærlega í síðari hálfleik.

FÓTBOLTI Valsmönnum mistókst að hirða toppsætið af FH eftir 4-2 tap gegn Fylki í gær. Fyrri hálfleikur var opinn og fjörugur á blautum Laugardalsvellingum og bæði lið fengu ágæt færi áður en Peter Gravesen kom Fylki yfir úr vítaspyrnu. Kjartan braut þá á Alberti Brynjari sem hafði sparkað boltanum í átt að hornfánanum en Gravesen lét mótmæli Valsmanna sem vind um eyru þjóta og skoraði örugglega.

Tæpri mínútu síðar jafnaði Daniel Hjaltason metin með laglegu skoti eftir að hafa leikið á varnarmann Fylkis eftir góða sókn. Valsmenn áttu margar slíkar í fyrri hálfleiknum og eftir að hafa skotið í stöngina tróð Helgi Sigurðsson boltanum yfir línuna eftir hornspyrnu og skoraði sitt áttunda mark í sumar.

Valur Fannar skoraði fjórða mark sitt í sumar snemma í síðari hálfleik í þessum galopna leik en Valsmenn virtust hreinlega ekki mæta til leiks í síðari hálfleik. Þremur mínútum síðar skoraði Halldór Hilmisson skendið mark þegar hann hitti boltann illa en samt sem áður lak hann upp í samkeytin og Fylkir þar með komið yfir. Frábær karakter hjá Fylkismönnum að koma svo sterkir til baka.

Albert Brynjar kom boltanum svo í netið eftir að Fylkismenn löbbuðu í gegn Valsvörnina og

endurkoman fullkomnuð. Valsmenn sáu aldrei til sólar í síðari hálfleik og Fylkismenn gengu á lagið og unnu verðskuldaðan sigur.

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var að vonum sáttur með sína menn í leikslok. „Þegar við stöndum saman erum við skrugugóðir. En við vorum jafnlegir í síðasta leik og við vorum góðir í þessum þannig að við höldum okkur á jörðinni,” sagði Leifur í viðtali á Sýn eftir leik.

Kollegi hans hjá Val, Willum Þór Þórsson, sagði tíu mínútna kafla í síðari hálfleik gera útslagið í leiknum. „Þá fer liðið algjörlega úr jafnvægi og vörnin vissi ekki hvort hún væri að koma eða fara í framhaldinu. Því fór sem fór. En við áttum að klára þennan leik í fyrri hálfleik,” sagði Willum.

- hþh

STAÐAN

Landsbankadeild karla

FH	10	7	2	1	21-10	23
Valur	11	6	3	2	23-14	21
Keflavík	10	5	3	2	17-12	18
ÍA	10	4	3	3	17-15	15
Fylkir	11	4	3	4	11-13	15
Breiðablik	10	3	4	3	14-8	13
HK	10	3	2	5	8-18	11
Vikingur	10	2	3	5	10-17	9
Fram	10	2	2	6	10-16	8
KR	10	1	3	6	8-16	6

VIKING

Guaranteed waterproof footwear

VIKING hefur framleitt vatnsheldan skófatnað í meira en öld. Hágæða skófatnaður, ávallt framleiddur úr 100% náttúrulegu gúmmí og samkvæmt nýjustu tækni.

VIKING skófatnaður heldur fótunum þurrum!

TILBOÐ 1.999.-
verð áður 2.999.-

TILBOÐ 1.999.-
verð áður 2.999.-

TILBOÐ 1.999.-
verð áður 2.999.-

1.999.-

1.999.-

Gildir á meðan birgdir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að verfla

FH mætir HB í seinni leiknum í Færeyjum í kvöld:

Íslensk lið hafa aldrei klikkað í sömu stöðu

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH eru mættir til Færeyja þar sem þeir spila seinni leikinn við HB á Tórsvelli í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í kvöld. FH vann fyrri leikinn 4-1 og því í lykilstöðu að komast áfram í aðra umferð annað árið í röð.

Þetta er í níunda skiptið sem íslensk lið koma með tveggja marka mun eða meiri inn í seinni leikinn í Evrópukeppnum félagsliða og í öll hin átta skiptin hafa íslensku liðin farið áfram í næstu umferð.

FH er aðeins fjórða liðið sem hefur náð þriggja marka forskoti eða meira eftir fyrri leikinn en hin voru Fram 1990, ÍA 1995 og Keflavík 2005. Fram vann sænska liðið Djurgårdens 3-0 á heimavelli í fyrstu umferð Evrópukeppni bikarhafa 1990 og gerði síðan 1-1 jafntefli í útileiknum. Skagamenn unnu báða leikina 3-0 gegn írsku liðinu Shelbourne FC í forkeppni meistaradeildarinnar 1995 en sá fyrri var á útivelli. Keflavík vann síðan 4-0 útisigur á Etzella Ettelbrück frá Lúxemborg í fyrri leik liðanna í forkeppni Evrópukeppni félagsliða 2005 og fylgdi því eftir



Á LEIÐ TIL HVÍTA-RÚSSLANDS FH-ingar mæta Bate komist þeir áfram í næstu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

með 2-0 sigri á heimavelli í seinni leiknum.

Komist FH áfram í kvöld mætir liðið Bate Borisov frá Hvíta-Rússlandi. Bate bar sigurorð af Apoel í síðari leik liðanna í gær, 3-0, og komst þar með óvænt áfram með þremur mörkum gegn tveimur.

- 66j

Laugardaginn 28. júlí

Opna

BYKO mótið 2007

Mótið er opið öllum kylfingum. Punktakeppni + besta skor Hæsta forgjöf er 24 fyrir karla og 28 fyrir konur.

Glæsileg verðlaun:

Án forgjafar: 3 fyrstu sætin fá verðlaun.

Punktakeppni: 5 fyrstu sætin fá verðlaun.

Önnur verðlaun:

- Nándarverðlaun, allar par 3 brautirnar.
- Dregið úr skortortum.

Opna BYKO mótið verður haldið í Golfklúbbi Klójabergs
